

ÁRSSKÝRSLA 1999-2000

VEÐURSTOFA  
ÍSLANDS



# EFNISYFIRLIT

<b>ÁVARP VEDURSTOFUSTJÓRA</b>	<b>3</b>
<b>MANNABAR VEDURSKEYTASTÖBVAR - JARÐSKJÁLFÆFTIRLITSKERFI</b>	<b>4</b>
<b>TÍBARFARSYFIRLIT 1999 OG 2000</b>	<b>5</b>
<b>MEGINVERKEFNI SVÍDA OG DEILDA</b>	
Þjónustusvið	6
Tækni- og athuganasvið	8
Úrvinnslu- og rannsóknasvið	10
Jarðeðlissvið	12
Upplýsingataknideild	14
<b>NÝ ÞJÓNUSTA</b>	<b>15</b>
<b>VEDURSPÁMIÐSTÖÐ EVRÓPU 25 ÁRA</b>	<b>16</b>
<b>SUÐURLANDSSKJÁLFARNIR</b>	<b>18</b>
<b>REKSTRARYFIRLIT 1999 OG 2000</b>	
Rekstrargjöld og tekjur 1999	20
Rekstrargjöld og tekjur 2000	21
<b>STARFSMENN 1999 OG 2000</b>	<b>22</b>
<b>FUNDIR - RIT - ERINDI</b>	<b>23</b>
<b>SUMMARY IN ENGLISH</b>	<b>27</b>



ÁRSSKÝRSLA VEDURSTOFU ÍSLANDS 1999-2000

Umsjón: Barði Þorkelsson

Hönnun og umbrof: Argus Prentun: Svanþrent

Forsíðumynd: Alleðingar Suðurlandsskjálfta: Hugað að stórra sprungu í jarðvegi við sumarbústað í landi Bitru í Hraungerðishreppi. Ljósm.: Morgunblaðið/Sverrir.

Baksíðumynd: Suðurlandsskjálftinn 21. júní kom grjóthruni af stað úr Hestfjalli. Ljósm.: Páll Einarsson.  
Gefið út í maí 2001



Magnús Jónsson,  
veðurstofustjóri.

**S**kin og skúrir skiptust á í starfsemi og rekstri Veðurstofu Íslands síðstu tvö ár tuttugustu aldarinnar rétt eins og í tilverunni allri. Sárustu áföllin urðu með stuttu millibili síðla árs 1999, þegar tveir ungrir starfsmenn stofnunarinnar, þeir Baldur Jósefsson háloftamaður og Sigurður Th. Rögnvaldsson jarðskjálftafræðingur fórust í bilslysum. Er þeirra minnst með þakklæti og virðingu.

Á þessum tveimur árum hélt starfsemi Veðurstofunnar áfram að vaxa þótt ekki væri það jafnört og árin þar á undan. Einkum byggðist það annars vegar á auknum viðbúnaði og vöktun vegna náttúruhamfara á Suðurlandi og óróleika á svæðinu í kringum Mýrdalsjökul og hins vegar á aukinni þátttöku Veðurstofunnar í umhverfisrannsóknum vegna stóriðju og virkjana. Eftir að lög um mat á umhverfisáhrifum tóku gildi hefur verkefnum Veðurstofunnar sem tengjast þeim fjölgð verulega. Er fyrirsjánleg frekari auknung á rádgjöf og umsögnum á þessu svíði á næstu árum. Sýnir það mikilvægi þess að stofnuninni sé veitt meira svigrum til gagnaöflunar og rannsókna.

Fjárhagslegur rekstur var þungur og var uppsaður rekstrarhalli stofnunarinnar um 39 millj. kr. í árslok 2000. Þar vegur þyngst að rekstrarkostnaður á mælikerfum hefur verið vanmetinn auk þess sem framlög til endurnýjunar á tækjabúnaði stofnunarinnar hafa ekki verið í neinu samræmi við þarfir. Allan síðasta áratug hefur ríkisframlag til Veðurstofunnar sem hlutfall af veltu verið að lækka en sértekjur að vaxa. Pannig fóru sértekjur stofnunarinnar úr 112 millj. kr. árið 1991 í 256 millj. kr. árið 2000 meðan heildarvelta jókst úr 387 millj. kr. í 662 millj. kr., hvort tveggja reiknað á föstu verðlagi. Hlutfall ríkisframlags minnkaði því úr 70% í 60% af veltu á þessum áratugum.

Pótt margi hafi breyst í hlutverki Veðurstofunnar sem gerir samanburð á þessum árum erfiðan, endurspeglar tölurnar þó þær miklu breytingar sem viða hafa átt stað í rekstri ríkisstofnana. Síaukin krafa hefur verið uppi um markaðsvæðingu og meiri sérþjónustu með gjaldtöku. Síðan er veitt minna framlag á fjárlögum. Ýmislegt bendir til að þessi stefna sé að komast í þrot, bæði hér á landi og annars staðar í Vestur-Evrópu, þar sem svipuð stefna hefur verið rekin síðstu áratugina. Samkrull illa skilgreindrar markaðssstarfsemi og skammtímaávinnings af henni við lögboðin langtímaverkefni og almenna samfélagsþjónustu verður æ erfiðara og þegar upp er staðið vinnur það líklega gegn heildarhagsmunum þjóðarinnar.

Pann 1. janúar 2000 voru liðin 80 ár frá stofnun Veðurstofu Íslands. Í tilefni þessara tímamóta kom út Saga Veðurstofu Íslands, sem Hilmar Garðarsson sagnfræðingur skráði. Hér er á ferðinni vegleg bók, full af fróðleik um stofnunina frá upphafi og sögu veðurathugana á landinu. Kemur þar vel fram hversu saga stofnunarinnar er samofin sögu þjóðarinnar eftir að hún hlaut sjálfstæði 1918.


Á þessu afmælisári tókst að leysa brýnasta húsnæðisvanda Veðurstofunnar þegar um 200 m<sup>2</sup> hús, sem reist hefur verið á lóð stofnunarinnar, var tekið í notkun. Flutti stærstur hluti Tækni- og athuganasviðs stofnunarinnar í þetta húsnæði. Ljóst er þó að á næstu árum verður að finna framtíðarlausn á húsnæðismálum Veðurstofunnar enda er aðeins timabundið leyfi fyrir tilvist þessa húss.

Það er eðli stofnunar eins og Veðurstofunnar að starfsemi hennar og ákvæðanir hljóta oft að koma til umræðu í þjóðfélaginu. Pannig varð nokkur umræða um þá ákvörðun að hætta að nota vindstig og vindstigaheiti í veðursfregnum og taka þess í stað upp vindhraðaeininguna metra á sekúndu. Einnig vakti eftirtekt sérstök viðvörun sem stofnunin gaf út fyrir eldgosið í Heklu 26. febrúar 2000. Þá þótti góðum tíðindum sæta þegar umdeildir snjóflóðavarnargarðar á Flateyri sönnuðu gildi sitt með eftirminnilegum hætti í febrúar bæði árið 1999 og 2000. Margt fleira mætti telja en nánar er fjallað um starfsemina í sérköflum í skýrslunni.

Það er því að vonum að Veðurstofan þurfi óðru hverju að kanna hug þjóðarinnar til þess sem gert er á stofnuninni. Snemma árs 2000 gerði Gallup viðamikla þjónustukönnun fyrir Veðurstofuna. Þar kom fram að langlestir afla sér upplýsinga um veður í sjónvarpi, næst kom Textavarpið og síðan veðursfregnir á rás 1 Ríkisútvarpsins. Hefur dregið mjög úr hlustun á hefðbundnar veðursfregnir í útvarpi og er það í samræmi við þróun í nágrannalöndum okkar. Að sama skapi hafa nýjar miðlunarleiðir, s.s. Textavarpið, netið, ýmis þjónusta í farsíma o.fl. rutt sér til rúms. Í könnuninni kom einnig fram að um 89% þjóðarinnar eru ánægð með þjónustu stofnunarinnar en aðeins um 2% kváðust óánægðir. Almennt var útkoman í þessari könnun uppörvandi fyrir stofnunina og sýnir innri styrk hennar og vilja starfsmanna til að gera vel. Er það í góðu samræmi við niðurstöður úr könnun fjármálaráðuneytisins á starfsumhverfi ríkisstarfsmanna við aldahvörf, en viðamikil skýrsla um það efni kom út árið 1999. Þar kom fram að starfsmenn Veðurstofunnar voru almennt mun ánægðari með starf sitt og jákvæðari í garð innri aðstæðna og umhverfis á vinnustað en að jaðnaði var á óðrum ríkisstofnunum.


Margt ávannst í starfsemi Veðurstofunnar þessi siðstu tvö ár aldarinnar, þrátt fyrir þróngan fjárhag og mikinn skort á veðurfræðingum. Því er hins vegar ekki að leyna að á mör gum sviðum þurfum við og viljum gera betur á þessari stærstu umhverfisstofnun landsins. Verkefnin eru næg og flest miða þau að koma í veg fyrir manntjón og skaða og stuðla að hagkvæmni í rekstri alls samfélagsins. Þess vegna ættu þau ávallt að vera forgangsverkefni.

Mannaðar veðurskeytastöðvar Veðurstofunnar í árslok 2000



Jarðskjálftaeftirlitskerfi Veðurstofunnar í árslok 2000

Sjá þó sérstaka mynd af staðsetningu GPS-mælistöðva á bls. 12.






**1999**

Tíðarfari á árinu 1999 var yfirleitt talið tiltölulega hagstætt. Veturinn 1998-1999 var mildur framan af, en varð kaldari þegar á leið. Snjóþungt var viða norðan til á Vestfjörðum og á Norður- og Norðausturlandi eftir nokkur þung norðanáhlaup í janúar og febrúar. Mars var að tiltolu kaldasti mánuður ársins. Sunnanlands var þá óvenju þurr og sólrikt. Aprílmánuður var fremur kaldur, einkum norðanlands. Sunnan heiða var sólrikt og þurrviðrasamt. Mai var fremur hlýr, einkum framan af, en vætusamur og sólarlítill. Veðurlag i júnímánuði var í heild sinni nærrí meðallagi á landinu. Þó gerði talsvert kuldakast um miðjan mánuð, en síðstu dagarnir voru viðast hvar hlýr. Sólskinsstundir sunnanlands voru með færra móti. Mikil veðurbliða var um mestallt land í upphafi júlimánaðar og aftur í lokin. Um miðjan mánuðinn var fremur svalt í veðri og úrkому- og vindasamt, einkum um landið sunnan- og vestanvert. Ágústmánuður var að tiltolu hlýjasti mánuður ársins. Fremur sólarlitið var á Suðurlandi og þurrkar stopulir. September var fremur hlýr um allt land og komu nokkrir óvenju hlýr dagar kringum þann 20. Októbermánuður þótti hagstæður. Nóvembermánuður var í hlýrra lagi. Tvisvar gerði mjög góða hlyindakafla og voru hitamet slegin viða um land. Dagana 10.-12. var mjög hlýtt og hæsti hiti sem mælst hefur á Íslandi í nóvember var að kvöldi þess 10. á Dalatanga,  $22,7^{\circ}$  og  $23,3^{\circ}$  mældust á sjálfvirku stöðinni þar á sama tíma. Á Dalatanga hafti aður mælst mestur hiti á landinu  $19,7^{\circ}$ , þann 10. nóvember 1971. Í síðari hitakaflanum í kringum þann 19. komst hitinn í Reykjavík í  $12,6^{\circ}$  sem er það mesta í nóvember frá upphafi mælinga. Desember var framan af venju fremur snjóþungur um sunnanvert landið. Mjög kalt var í nokkra daga um og eftir miðjan mánuð.

**2000**

Tíðarfari var hagstætt lengst af. Snjör og umhleypingar voru til baga í febrúar og mars og nokkuð erfitt kuldakast gerði síðari hluta maímánaðar og fram eftir júní. Sumarið og haustið voru mjög hagstæð. Sólskinsstundir á Akureyri mældust 1276 og hafa aldrei mælst fleiri á einu ári frá því að mælingar hófust 1928. Janúarmánuður var góðviðrasamtur og fremur hlýr lengst af. Í febrúar og mars var tíðarfari var lengst af óhagstætt. Snjör var þrálátur á jörðu og olli hann nokkrum samgöngutruflunum, sérstaklega suðvestanlands. Undir lok marsmánaðar voru miklar leysingar og hlýindi viða um land og sums staðar vestanlands og á sunnanverðum Vestfjörðum, á Snæfellsnesi og í Borgarfirði var óvenju mikið úrfelli. Skriður ollu skoðum. Aprílmánuður var kaldur og þurr og fór illa með gróður. Sólskin var óvenju mikið og hafa sólskinsstundir ekki mælst eins margar í apríl frá upphafi mælinga í Reykjavík árið 1923 og árið 1928 á Akureyri. Einnig gerði lengsta samfellda sólskinskafla í Reykjavík frá upphafi mælinga þegar sólin skein í meir en 10 klst. á dag 12 daga í röð dagana 14.-25. Fyrri hluta mai var hlýtt, þá rigndi talsvert syðra og margir mjög góðir dagar komu norðanlands. Upp úr miðjum mánuði gerði versta veður, kólnaði mikið og kalt var allan síðari hlutann. Júnímánuður var í meðallagi hlýr. Norðanlands var óvenju sólrikt og þurr. Á Akureyri mældust sólskinsstundir 284,8 og hafa ekki mælst fleiri í júní frá upphafi mælinga árið 1928. Júlimánuður var þurr og sólrikt. Hiti var í góðu meðallagi. Mjög þurr var á norðaustan- og austanverðu landinu.

**Meðalhiti í Reykjavík****Úrkoma í Reykjavík****Sólskinsstundir í Reykjavík**

Ágústmánuður var fremur hlýr og talinn hagstæður um land allt. September var einnig hlýr. Á norðan- og austanverðu landinu var þurr og sólrikt. Sumarið í heild var hið sólrikasta á Akureyri frá upphafi mælinga árið 1928. Októbermánuður var fremur hlýr, einkum þó seinni hlutinn. Nóvembermánuður var hagstæður viðast hvar á landinu. Óvenju þurr var um sunnanvert landið og hefur ekki mælst svo lítil úrkoma í nóvembermánuði í Reykjavík frá upphafi samfeldra mælinga árið 1920. Haustúrkoma fyrir norðan var hins vegar talsvert meiri en að meðaltali. Tíðarfari í desember taldist hagstætt og góðviðrasamt um meginhluta landsins. Mjög þurr var sunnan- og vestanlands.

## Pjónustusvið

**M**eginverkefni Pjónustusviðs er að annast veðurþjónustu, bæði endurgjaldslausa almenna þjónustu og sérþjónustu fyrir einstaklinga, fyrtæki og stofnanir gegn gjaldi. Stærstur hluti starfseminnar er vöktun á veðri og veðurspágerð. Unnið er á vöktum allan sólarhringinn alla daga ársins.

### Veðurfræðingaskortur

Öll starfsemi Pjónustusviðs einkenndist af mjög alvarlegum skorti á veðurfræðingum, bæði til að sinna almennri veðurþjónustu og til þróunarstarfa. Allar klær voru hafðar úti til að fá liðsauka. Breskur veðurfræðingur kom nokkrum sinnum og sinnti flugveðurþjónustu um tíma, íslenskur veðurfræðingur á eftirlaunum, sem búsettur er erlendis, vann við veðurspár nokkra mánuði og einnig var leitað eftir veðurfræðingum að láni frá öðrum sviðum Veðurstofunnar. Engu að síður varð að gripa til þess órþrifaráðs um tíma að hafa

aðeins einn veðurfræðing á vakt allan sólarhringinn en mörg undanfarin ár hafa verið tveir á vakt á álags-tínum að degi til. Til þess að gera þetta kleift varð að draga úr þjónustu Veðurstofunnar. Sem dæmi má nefna að fella varð niður svæðaskipta veðurspá sem lesin hefur verið upp úr kl. 10 á morgnana áratugum saman og draga varð mjög úr símaþjónustu veðurfræðinga, bæði við flugmenn og almenning.

Síðari hluta árs 2000 sáust þó nokkur

Sigrún Karlisdóttir veðurfræðingur kom til starfa á Pjónustusviði sumarið 2000. Hér ræðir hún snjóflóðamál við Magnús Má Magnússon (ljósmt.: Guðmundur Hafsteinsson).

merki þess að bjartari tímar væru fram undan en þá voru ráðnir til Pjónustusviðs tveir nýir starfsmenn og von er á fleirum á árinu 2001.

### m/s

Þann 1. júni 1999 var framsetningu á rauntímaleðurupplýsingum og veðurspám frá Veðurstofu Íslands breytt á þann hátt að farið var að tilgreina vindhraða í metrum á sekúndu (m/s) í stað veðurhæðar í vindstigum eins og áður hafði verið gert.

Þetta þótti nauðsynleg breyting af mörgum ástæðum. Meginástæðuna má þó telja að hugtakið „vindstig“, sem orðið er nærri 200 ára gamalt, dugir ekki til að koma á framfæri þeim upplýsingum um vindhraða sem afla má með vindmælum. Windstigið er ekki hraðaeining og í tilraunum, sem gerðar hafa verið til að finna tölulegt samhengi milli vindstiga og mælds vindhraða verður að setja skilyrði um að vindurinn sé mældur á tiltekinn hátt. Forsenda fyrir vind-


hraðatöflum, eins og þeirri sem birt er á meðfylgjandi mynd, er sú að mældur sé meðalvindhraði í 10 minútum í 10 m hæð yfir sléttlendi. Ef vindurinn er mældur á annan hátt gildir þetta samhengi ekki lengur. Það er því i.d.

ekki hægt að nota vindstigahugtakið, hvort sem það er sett fram í tó�um eða „mæltu máli“ til að lýsa einstökum vindhviðum. Til þess verður að nota vindhraðaeiningu, t.d. m/s.

Flestar, ef ekki allar, nágrannaþjóðir okkar hafa stigið það skref fyrir longu að tilgreina vindhraða fremur en veðurhæð í veðurathugunum og veðurspám. Það er þó nokkuð mismunandi hvaða hraðaeining er notuð. Hér kom vissulega til greina að taka upp hraðaeininguna km/klst. sem viða er notuð og margir töldu sig hafa betri tilfinningu fyrir en m/s sem var framandi flestum notendum veðurupplýsinga.


Einingin metrar á sekúndu varð þó fyrir valinu og var þá litið m.a. til eftirfarandi þáttar:

- Í íslenskum staðli er gert ráð fyrir að einingin m/s sé notuð fyrir hraða.
- Fyrir u.þ.b. aldarfjórðungi samþykktu veðurstofur allra Norðurlandanna að taka upp vindhraðaeininguna m/s. Á hinum Norðurlöndunum var það gert með góðum árangri.
- Á vegum Alþjóðaveðurfræðistofnunarinnar (WMO) er unnið að því að samræma vindhraðaeiningar í veðurskeytasendingum innan Evrópu þannig að einingin m/s sé notuð alls staðar.



Þann 1. júní 1999 tók Veðurstofan að tilgreina vindhraða í metrum á sekúndu (m/s). Af því tilefni gaf stofnunin út þetta handhæga spjald til að auðvelda almenningi að glöggva sig á þessari breytingu.

- Samkvæmt alþjóðlegum reglum er ekki heimilt að nota eininguna km/klst. í sjóveðurspám. Ef sú eining hefði verið tekin upp í veðurspám á landi hefði þurft að nota aðra einingu í sjóveðurspám. Slikt hefði verið mjög óheppilegt og líklegt til að valda misskilningi.



Björn Sævar Einarsson er einn þeirra veðurfræðinga Veðurstofunnar sem vinnur við veðurspáþjónustu [ljósm.: Hallgrímur Marinósson].

Mikil áhersla var lögð á að kynna breytinguna fyrir notendum og að auðvelda fólk að tileinka sér hina nýju einingu. Kynningarrefni var á vefsíðu Veðurstofunnar og gefið var út handhægt spjald sem menn gátu haft í vasa. Margir fjölmíðlar lögðu fúslega sitt að mörkum og ýmsir aðrir lögðu málinu lið. Sem dæmi má nefna að Sjómanna-almanak Skerpu létt gera greinargott kynningarþjald sem sent var til sjómanna.

I heild verður að segja að landsmenn hafi tekið þessari breytingu vel og að flestir hafi fallist á þau rök sem fram voru færð fyrir henni. Þó heyrðust vissulega mótmælaraddir, bæði gegn breytingunni sjálfri og eins voru skoðanir skiptar að því hvernig hin nýja vindhraðeining var notuð. Hæst bar tillögu nokkurra alþingismanna, sem borin var fram í nafni málverndar, um að umhverfisráðherra skyldi gefa Veðurstofunni fyrirmæli um að halda áfram að nota hin gömlu heiti vindstiganna. Tillagan var felld naumlega.

## Nýr símsvari

Símsvari Veðurstofunnar, Veðursíminn, var endurnýjaður um áramótin 1999-2000. Gamli búnaðurinn, sem hafði verið í notkun nærrí áratug, var farinn að bila oftar en góðu hófi gegndi og ekki þótti svara kostnaði að reyna að gera við hann. Þá var allsendis óvist hvort hugbúnaður hans réði við ártalið 2000. Því voru tveir kostir í boði: Að hætta að reka símsvara eða koma upp nýjum. Sá síðari var valinn og var ráðist í að kaupa búnað af Grunni-Gagnalausnum ehf. Reynt var að líkja sem mest eltir uppsetningu gamla símsvarans þannig að notendur yrðu fyrir sem minnstum óþægindum.

Númer Veðursímans er það sama og áður, 902-0600. Áður höfðu verið í notkun bein númer fyrir einstaka efnisflokká á símsvaranum, einkum ætluð fyrir notendur gamalla skifusima. Þarf fyrir slikt fyrirkomulag var talin mun minni nú en fyrir 10 árum og með því að nota eingöngu aðalnúmerið má komast af með mun færri símalínur og þar með lækka rekstrarkostnað. Síðar kom þó í ljós að þetta olli einum dyggasta notendahópi Veðursímans, sjómönnum, nokkrum erfðileikum þar sem úr sumum eldri gerðum farssíma var ekki hægt að velja efnisflokká. Reynt var að leysa þennan vanda með því að tengja eina símalinu við beint númer, 902-0602, og beina henni að sjóveðurspánni.



Sigriður Ólafsdóttir vaktstjóri les inn á Veðursimann [ljósm.: Hallgrímur Marinósson].

## Tækni- og athuganasvið

**M**eginviðfangsefni Tækni- og athuganasviðs eru veðurathuganir á landinu og umhverfis það. Í þeim tilgangi er starfræktur fjöldi veðurstöðva, ýmist mannaðar eða sjálfvirkar. Sérstakar stöðvar sem nefna má eru veðurstöðin á Keflavíkurflugvelli með 10 starfsmönnum sem annast flugvallarveðurathuganir og einnig háloftaathuganir, enn fremur veðurathugunarstöðina á Hveravöllum á Kili, en þar starfa tveir veðurathugunarmenn árið um kring. Starfsmenn í Reykjavík voru 13 í árslok 2000.

Loks er rétt að nefna sérstaka snjóeftirlitsmenn á nokkrum þéttbýlisstöðum, þar sem hætta er talin á snjófloðum. Í árslok 2000 voru 6 aðalmenn og 11 aðstoðarmenn starfandi, ásamt lögreglunni á Patreksfirði.

### Veðurstöðvakerfið

Fjöldi mannaðra veðurstöðva hefur lítið breyst undansfarin ár. En þó er nokkur fjölgun svokallaðra úrkumustöðva enda breytileiki úrkumunnar mikill á milli svæða. Í árslok 2000 var athugað á 46 veðurskeytastöðvum, 27 veðurfarsstöðvum, 55 úrkumustöðvum og á 2 stöðvum var aðeins mældur vindur eða sólskinsstundir. Heildarfjöldi mannaðra veðurstöðva var því 130 í árslok 2000.


Veðurathuganir voru einnig gerðar um borð í allmögum íslenskum skipum og enn fremur tekur Veðurstofan þátt í fjölpjóðaverkefni um veðurathuganir með rekdufum á Norður-Atlantshafi.

Sjálfvirkum veðurstöðvum hefur fjölgæð hratt á síðustu árum, og í árslok 2000 átti Veðurstofan og rekur 56 stöðvar. Í flestar þeirra er hringt sjálfvirk á klukkustundar fresti og gógn sótt. Allmargir aðilar, s.s. Landsvirkjun, Siglingastofnun og Vegagerðin eiga og reka fjölda sjálfvirkra stöðva. Veðurstofan hringir einnig í fjölmargar þessara stöðva og nýrir gógnin við veðurvöktunina ásamt því að geyma upplýsingarnar í gagnagrunni sinum.

### Önnur föst verkefni


Meðal fastra verkefna sviðsins eru mengunarmælingar í úrkomu og lofti. Aðaláhersla hefur verið lögð á að fylgjast með loftborinni mengun af fjarlægum uppruna ásamt því að meta almennt efnainnihald loftthjúps og úrkomu. Athuganir þessar eru þáttur í mórgum þeim alþjóðlegu vöktunarkerfum sem hafa að markmiði verndun andrúmsloftsins og að fylgjast með loftslagsbreytingum. Mælingar og söfnun sýna fer að mestu fram að Írafossi við Sog og á Stórhöfða í Vestmannaeyjum en einnig í Reykjavík og á Keflavíkurflugvelli. Á tímabilinu var lokið við að yfirfara og tölvuvæða eldri gógn frá Rjúpnahæð og Írafossi. Eru þau nú fyrirliggjandi ásamt ýmsum afleiddum stærðum á mjög aðgengilegu formi.

Í samstarfi við sánsku veðurstofuna eru stundaðar háloftaathuganir um bord í skipi frá Eimskip, þegar það er í hafi á leið milli Reykjavíkur og Norfolk í Bandaríkjum Norður-Ameriku.



Sjálfvirkar veðurstöðvar í árslok 2000.

Eins og aður er getið er Veðurstofan í samstarfi við 10 Vestur-Evrópuþjóðir (EGOS) um að halda úti neti rekdufla til veðurathugana. Hlutur Veðurstofunnar hefur verið kvörðun og sjósetning 10-20 dufla á ári ásamt því að fylgjast með að gæði athugana frá duflunum séu viðunandi. Fjöldi dufla á vegum EGOS sem eru virk hverju sinni er milli 30 og 50, og ending þeirra er um eitt ár. Í árslok 2000 voru 46 dufl i lagi á norðanverðu Atlantshafi.



Hjalti Geir Guðmundsson rafeindavirkri við viðhald á eldingamælistöð á Hnausum í Meðallandi (ljósm.: Þórður Arason).

Rekstur veðursjár á Miðnesheiði skammt norðan Sandgerðisvegar er á verkefnaskrá sviðsins, en með henni er unnt að fylgjast með úrkamusvæðum í allt að 240 km fjarlægð. Reyndar er hægt að fylgjast með endurkasti frá úrkomu í allt að 480 km fjarlægð, en það er ekki raunhæft vegna sveigu jarðaryfirborðs. Pessi eiginleiki hefur nýst til að fylgjast með síðustu eldgosum í Vatnajökli og Heklu, bæði til að staðsetja þau og meta hæð á gosmekkinum. Að auki er sviðið í samstarfi við allmarga innlenda aðila um smærri verkefni.

## Tímabundin verkefni

Áfram var haldið tilraunum með búnað til að staðsetja eldingar og mæla tiðleika þeirra í samstarfi við allmargar innlendar stofnanir. Með fleiri mælingum batna gögn til leiðréttингa á staðsetningum eldinga og nákvæmni kerfisins eykst. Engu að síður er ljóst að ljárfesta þarf í nýtiskulegri búnaði ef full not eiga að vera af þessari starfsemi.



Í Grímsey hefur verið mónnuð skeytastöð og sjálfvirk veðurstöð (ljósm.: Mats Wibe Lund).

Áfram var haldið tilraunum með snjódýptarmælitæki í Bláfjollum, á Hveravöllum, á Hafnarfjalli við Siglufjörð og á Seljalandsdal við Skutulsfjörð.

I samvinnu við markaðsskrifstofu Landsvirkjunar og iðnaðarráðuneytisins hóf Veðurstofan, í apríl 1998, mælingar á vindi og hita í tveim hæðum í 40 metra háu mastri við Sómastaðagerði í Reyðarfirði í þeim tilgangi að meta stöðugleika lofts með tilliti til dreisingar mengunarefna frá stóriðju. Pessar mælingar eru enn í gangi í árslok 2000, og í júní 2000 var bætt við frekari mælingum á Reyðarfjarðarsvæðinu. Mælingar fyrir Flugmálastjórn á vindi og hita í Afstapahrauni hófust í maí 2000.



Mastur fyrir vind- og hitamælingar í Sómastaðagerði í Reyðarfirði (ljósm.: Flosi Hrafn Sigurðsson).

## Úrvinnslu- og rannsóknasvið


**A** Úrvinnslu- og rannsóknasviði urðu allnokkrar breytingar í verkefnum og starfsmannahaldi, einkum á svíði ofanflöðamála, úrvinnslu sjálfvirkra mælinga og rannsókna á loftslagsbreytingum. Gagngerðar breytingar urðu á bókasafni stofnunarinnar, opnunartími þess lengdur og þjónustan aukin.

### Gæðaeftirlit veðurgagna

Veðurathuganir frá sjálfvirkum og mönnuðum stöðvum fara í gegnum umfangsmikið gæðaeftirlit sem er í sifeldri endurskoðun. Að gæðaeftirliti loknu eru gögnin vistuð á tölvtækum formi til notkunar. Á síðstu árum hefur mikið magn af veðurfarsupplýsingum frá sjálfvirkum veðurstöðvum bæst við gagnasafn Veðurstofunnar. Í fyrsta lagi hefur veðurathugunum í óbyggðum fjölgd mjög og í öðru lagi eru mælingarnar nú gerðar miklu tíðar en hægt er að gera á mönnuðum stöðvum. Þessi nýju gögn kalla á nýja úrvinnsluhætti, bæði hvað varðar vistun, aðgengi, gæðaeftirlit og úrvinnslu. Fyrstu skref í átt að nýju gæðaeftirlitskerfi hafa verið stigin og frumútgáfa úrvinnsluumhverfis er orðin virk. Visindamenn á svíði veðurfarsfræða eru flestir orðnir sammála um yfirvoði veðurfarsbreytingar og eru gerðar miklar kröfur um áreiðanleika veðurfarsupplýsinga og nákvæmni í túlkun þeirra. Kröfur til gæðaeftirlits og þróun þess eru rædd í samstarfi við aðrar veðurstofur, einkum þær norrænu.

### Úrvinnsla veðurathugana og veðurfarsþjónusta

Veðurfarsupplýsingar eru mikilvægur þáttur í lífi og starfi fólks. Á svíðinu er unnið úr veðurgögnum og reynt að fá sem besta mynd af veðurfari landsins. Við hvers kyns framkvæmdir, stórar og smáar, eru upplýsingar um veðurfar mikilvægar og er leitast við að nýta sem best fyrilliggjandi gögn og nota veðurfarslíkön til þess að ná enn meiri nákvæmni. Teknar eru saman greinargerðir um veðurfar á ýmsum svæðum, bæði stórum og smáum, eftir beiðni og gefin út vottorð um veðuraðstæður sem notuð eru í einka- og sakamálum. Tímaritið Veðráttan kemur út þrettán sinnum á ári. Þar er



Í vonskuveðrum verða oft slys á fólk og mikið efnahagslegt tjón, eins og t.d. 5.-6. mars 2000, þegar hafnarmannvirki á Bakkaferði eydiögðust. Þá er öllum tiltækum veðurupplýsingum safnað saman og reynt að leggja mat á þær veður-aðstæður sem ollu tjóninu.

tiðarfari lýst og birtar ýmsar tölulegar upplýsingar um veðurfar viðkomandi mánaðar/árs. Veðurfarsyfirlit nýliðins mánaðar kemur út fljótega eftir mánaðarmót og eru birt í því mánaðar- og daggildi nokkurra stöðva. Beiðnir um upplýsingar um veður og veðurfar liðins tíma verða sifelt viðameiri. Peim er svarað simleidis, með bréfum og símbréfum, og á síðstu árum hefur beiðnum og svörum fjölgð mikil í gegnum tölvpupóst. Beiðnirnar eru af ýmsum toga og frá ýmsum aðilum, hérlandis og erlendis, t.d. er beðið um lýsingu á veðurfari á stórum svæðum á hálendinu eða upplýsingar um veður tiltekna klukkustund eða mínuð á ákveðnum stað á landinu. Í þróun er vefsíða svíðsins þar sem ýmiss konar veðurfarsupplýsingar er að finna.


### Hitafar á norðurhveli og við Ísland síðstu þúsund ár og hugsanleg hlýnun á næstu öld

Myndir sýnir 50 ára útfafnað frávirk hita frá meðaltali áranna 1961-1990.

Hitafar síðstu eitt þúsund ára hefur verið metið á grundvelli ýmissa gagna um formveðurars ásamt sögulegum gögnum og löngum mæliröðum hitamælinga. Óvissan er meiri á fyrirhlut timabilsins.

A timablinu 2000 til 2100 er sýnd hugsanleg hlýnun, meðaltal og frávirk, á Íslandi og að meðaltali á jörðinni að gefnum ákveðn

um forsendum. Hlýnunin er ekki eiginleg spá heldur er verið að geta sér til um þróun veðurfars út frá ákveðnum forsendum um losun gróðrunhúsa lofttegunda og viðbrogð loftþjúpsins við henni. Ekkir er gert ráð fyrir breytingum á hafstraumum Norður-Atlants-hafs en þar gettu leitt til þess að hlýnun yrði minni.



### Veðurfarsrannsóknir

Auk samstarfs um gæðaeftirlit og framsetningu veðurfarsgagna síðstu ára og áratuga er samstarf við systurstofnanir og háskóla erlendis um úrvinnslu og gæði mæligagna frá fyrri timum og túlkun þeirra. Viðamikið starf er unnið viða í heiminum til þess að sannreyna hefðbundnar og óhefðbundnar upplýsingar um veðurfar í því skyni að visindamenn geti á sem nákvæmastan hátt greint á milli náttúrulegra veðurfarsveiflna og breytinga sem kunna að vera af mannavöldum. Í líkönum sem segja eiga fyrir um breytingar á ýmsum veðurþáttum ár og áratugi fram í timann er mikilvægt að hafa áreiðanleg gögn við túlkun niðurstaðna. Á svíðinu er grannt fylgst með vinnu visindanefnarar IPPC og stundaðar eru rannsóknir á veðurfari liðinna alda á Íslandi. Starfsmenn svíðsins taka þátt í vinnu visindanefnarar umhverfisráðuneytisins um loftslagsbreytingar og gaf nefndin árið 2000 út skýrslu um loftslagsbreytingar með sérstöku tilliti til Íslands og hafsvæðanna í grennd við landið. Samstarf er við aðrar þjóðir um rannsóknir á veðurlagi, hafis og tengslum milli hringrásar hafs og andrúmslofta á norðurslóðum. Þá taka starfsmenn svíðsins þátt í ýmsum starfshópum á vegum norrænu ráðherranefndarinnar sem vinna að rannsóknum á veðurfari á norðurslóðum.

## Veðurfræðirannsóknir

Rannsóknir í veðurfræði hér á landi eru einkum í samstarfi við allnokkrar Evrópuþjóðir um svokallað HIRLAM-verkefni. Þar fara fram rannsóknir og athuganir á nýjum aðferðum við greiningu lofhjúpsins þar sem notaðar eru upplýsingar frá gervitunglum og veðursjáum. Miða þær að aukinni nákvæmni veðurspálikana. Á sviðinu er jafnframt fylgst með þróun veðurspálikana í nokkrum öðrum löndum, s.s. í Fraklandi og vestanhafs.

Við eðlisfræðiskor Háskóla Íslands hefur verið stofnuð staða dósents í kennilegri veðurfræði með aðstöðu á Veðurstofunni. Rannsóknir á þessu sviði hafa einkum beinst að staðbundnum vindum og áhrifum fjalla á vind. Þá hefur verið kannað samspli veðurs og snjósófnunar. Reiknilikön af lofhjúpnum, uppbyggingu snjóþekju og sandfoki hafa verið sett upp og eru þau notuð við rannsóknirnar. Fjörir nemar hafa lagt stund á meistara- og doktorsnám.

## Hafís og hafísrannsóknir

Upplýsingum um hafís við strendur Íslands er safnað og gefnar út viðvaranir um hafís og hreyfingu hans í nánd við landið. Fyrirspurnum, bæði innlendum og erlendum, er svarað um hafís umhverfis landið. Upplýsingum um hafís er komið á tölvutækt form ásamt öðrum upplýsingum, s.s. kortum og gefið er út ársritið „Hafís við strendur Íslands“.


Rannsóknir á hafís eru stundaðar í samvinnu við erlendar stofnanir, einkum þær sem rannsaka veður og haf á norðurslóðum. Unnið er að verkefni sem felst í að þróa tækni til að safna saman upplýsingum af hafi og miðla sjófarendum með styrk frá Evrópusambandinu í samvinnu við erlenda aðila og Radiómiðun ehf.

## Ofanflóð

Ofanflóðamál, p.e. snjóflóð, aurskriður og grjóthrun, eru umfangsmikil á sviðinu og eru helstu verkefni eftirfarandi:

**Hættumat vegna snjóflóða.** Unnið er að hættumati fyrir bæjarfelög sem búa við ofanflóðahættu. Með hættumati er reynt að afmarka svæði þar sem snjóflóð og önnur ofanflóð kunna að falla. Svæðin eru afmörkuð með linum sem sýna áhættu fólks sem býr eða vinnur á svæðunum. Ákvörðun um viðunandi áhættu fyrir samfelleda búsetu, atvinnustarfsemi og önnur umsvif manna hefur verið tekin af stjórvöldum í samráði við sveitarstjórnir viðkomandi byggðarlaga. Vinna við hættumat felur í sér samstarf við erlenda aðila og hafa sérfræðingar frá Austurriki, Sviss, Noregi og Kanada tekið þátt í vinnu við hættumat hér á landi með starfsmönnum Veðurstofunnar. Undirbúningsvinna fyrir hættumat felst m.a. í söfnun upplýsinga um ofanflóð á svæðinu og könnun á byggðasögu. Snjóflóðaannálar eru skráðir eins langt aftur í tímann og upplýsingar ná og aurskiðuannáll er unnin í samvinnu við Náttúrufræðistofnun Íslands. Aðferðir sem notaðar eru við mat á hættu byggjast á tölfraði og eðlisfraði og reynslu sérfræðinga.

**Snjóflóðavöktun.** Á sviðinu er snjóflóðahætta vöktuð frá 16. október til 15. apríl ár hvert í samvinnu við veðurvakt Þjónustusviðs. Vökturnin er unnin af snjóefstirlitsmönnum Veðurstofunnar heima í heraði og starfsmönnum stofnunarinnar í Reykjavík. Ákvörðun um rýmingu húsnæðis er tekin í samráði við almannavarnarnefnd viðkomandi sveitarfél



Útlínur snjóflóða sem félru á varnargarðana á Flateyri 1999 og 2000 (bláar og grænar línur). Varnargarðarnir beindu báðum flóðunum frá byggðinni og út í sjó. Myndin sýnir einnig útlínu mannskáðafloðsins 26. október 1995 (rauð lína). Brotnar línur sýna áætlaðar útlínur flóðanna 1999 og 2000 ef varnargarðarnir hefdu ekki verið til staðar. Innfellda myndin sýnir ummerki floðsins úr Innra-Bæjargili í febrúar 2000 á vestari garðinum (mynd: Morgunblaðið/GÓI).

lags. Umfang rýminga byggist á rýmingaráætlunum, sem gerðar hafa verið fyrir flesta þéttbýlisstaði sem búa við snjóflóðhættu og eru þær endurskoðaðar þegar aðstæður breytast, t.d. þegar byggð eru varnarvirki. Starfsmenn Veðurstofunnar safna upplýsingum um snjóflóð og fara á vettvang til mælinga þegar flóð falla nærrí byggð eða þegar fólk lendir í flóðum. Upplýsingar um snjóflóð sem falla eru skráðar í gagnasafn í tölvu og árlega eru gefnir út annálar um flóð nýliðins vetrar. Aurskriður og grjóthrun eru skráð í samvinnu við Náttúrufræðistofnun Íslands.

**Snjóflóðarannsóknir.** Rannsóknir á snjóflóðum og viðbúnaði og vörnum gegn þeim eru mikilvægur þáttur í starfsemi sviðsins. Veitt er ráðgjöf við skipulagningu varna gegn ofanflóðum og unnið að rannsóknum á ýmsum varnarvirkjum. Þróuð hafa verið eðlisfræðileg likón af snjóflóðum í samvinnu við erlendar rannsóknarstofnanir. Rannsóknir eru stundaðar á tengslum snjóflóða og veðurs og á flutningi snævar með skafrenningi. Rannsóknir eru einnig stundaðar á aurskriðum og grjóthruni og tengslum þeirra við mikla úrkomu.

## Jarðeðlissvið

**V**erkefni Jarðeðlissviðs voru fjölmög og margvisleg á árunum 1999 og 2000. Haustið 2000 var lögð lokahond á stórra evrópsk rannsóknarverkefni á sviði jarðskjálftaspáa. Þetta voru verkefninum sem Jarðeðlissvið hafði forstu um og höfðu staðið yfir allt frá 1996. Jafnframt var hafinn undirbúnin gur að uppbryggingu bráðaviðvörunarkerfis vegna jarðvár. Ennfremur létu náttúruöflin rækilega vita af sér. Hér verður gerð grein fyrir helstu viðfangsefnum sviðsins.

### Rannsóknir sem miða að jarðskjálftaspáum

Evrópska rannsóknarverkefnið PRENLAB-2 einkenndi mjög starf Jarðeðlissviðs á þessum árum, en verkefninu lauk um mitt ár 2000 með tilheyrandi skýrslugerð fram eftir hausti.



Kristín S. Vogfjörð jarðskjálftafræðingur á skrifstofu sinni (ljósm.: Hallgrímur Marinósson).

PRENLAB er skammheiti fyrir „Earthquake-prediction research in a natural laboratory“ eða Jarðskjálftaspárrannsóknir í tilraunastofu náttúrunnar og er þá átt við Ísland. Hér var um að reða rannsóknarverkefni 6 Evrópulanda, þar sem sérstakar aðstæður á Íslandi eru nýttar til rannsóknna á þessu sviði. Lokaniðurstöður verkefnisins voru kynntar í tæplega 160 síðna skýrslu sem Veðurstofan gaf út í ársþyrjun 2001, en niðurstöður hafa einnig séð dagsins ljós í tímaritsgreinum og eru fleiri slikar væntanlegar á næstu árum.


PRENLAB-2 var framhald verkefnisins PRENLAB sem unnið var að á árunum 1996-1998, einnig undir forystu Jarðeðlissviðs. Ragnar Stefánsson stýrði báðum þessum verkefnum sem studd voru af Evrópusambandinu. Er nú til umræðu meðal þátttakenda að halda þessu rannsóknarsamstarfi áfram og jafnvel að sækja um frekari stuðning til Evrópusambandsins í því skyni.

Jarðeðlissvið er frá því í ársþyrjun 2000 þátttakandi í evrópsku rannsóknarverkefni undir forystu Stuart Crampin við Edinborrarháskóla, en hann var einnig þátttakandi í

PRENLAB verkefnum. Verkefnið nefnist SMSITES. Megininntak verkefnisins er að nýta svokallaðan S-bylgjuklofning til að finna hvort spenna sé að hlaðast upp sem geti verið undansfari jarðskjálfta. Spenna í bergi leidir til klofnings S-bylgju í tvær bylgjur með mismunandi hraða. Í PRENLAB verkefnum var S-bylgjuklofningurinn mældur með því að nýta S-bylgjur frá litlum jarðskjálftum. Í SMSITES-verkefninu eru notaðar S-bylgjur sem myndaðar eru með sérstökum sveiflugjafa. Þrjár borholur sem voru fyrir hendi í nágrenni Húsavíkur eru nýttar í verkefninu, ein fyrir sveiflugjafann, en hinur tvær fyrir tæki sem nema hreyfinguna frá sveiflugjafnum. Aðrar mælingar sem eru næmar fyrir breytingum á spennu eru einnig framkvæmdar í verkefninu, eins og mælingar á smáskjálftum, vatnshæðarbreytingum og landbreytingum. Hlutverk Jarðeðlissviðs innan þessa verkefnis var m.a. að setja upp jarðskjálftamæla í Flatey á Skjálfsand, á Brettingsstöðum á Flateyjardal og á Héðinshöfða skammt norðan Húsavíkur, en þessar stöðvar eru allar tengdar við miðstöð sjálfvirka jarðskjálftaeftlitskerfisins á Veðurstofunni.

### Samfelldar GPS-mælingar til að fylgjast með landbreytingum

Á árinu 1999 hófst uppbrygging samfelldra GPS-mælinga á vegum sviðsins. Við GPS-mælingar eru notað timamerki frá gervitungum sem unnt er að nýta til mjög nákvæmra landmælinga. Í rúman áratug hafa vísindamenn notað slikein mælingar hér á landi til að fylgjast með landbreytingum. Eru þá mælingar endurteknar á föstum mælipunktum, yfirleitt á nokkurra ára fresti.



Árið 1999 hóf Jarðeðlissvið að setja upp GPS-mælistöðvar til samfelldra mælinga á landbreytingum. Ferningarnir á myndinni sýna staðsetningu þeirra 9 stöðva sem settar höfðu verið upp í árslok 2000.

Snemma árs 1999 hóf Jarðeðlissvið að setja upp GPS-mælistöðvar til að mæla landbreytingar svo til samfellt með þessari tækni. Meginmarkmiðið var að geta skynjað fljótt landbreytingar sem gætu verið undansfari jarðskjálfta eða eldgosa. Samfelldar GPS-mælingar eru þannig mjög mikilvæg viðbót við jarðskjálftamælingar og fleiri mælingar til að fylgjast með hvernig jarðskorpan hnikast til fyrir áhrif innri krafta.

Í árslok 2000 rak Jarðeðlissvið net 9 stöðva til samfelloðra GPS-mælinga. Mælingarnar eru bornar saman við gögn frá GPS-mælistöðvum í Reykjavík og á Höfn í Hornafirði, sem Landmælingar Íslands reka sem lið í alþjóðlegu neti GPS-mælinga. Með ofannefndum GPS-stöðvum Veðurstofunnar hefur komist í framkvæmd hluti áætlunar frá 1997 til að fylgjast samfellt með landbreytingum með GPS-tækni.

### Eftirlit með jarðskjálftum og eldgosum

Eftirlit með með Myrdals- og Eyjafjallajökulssvæðinu var stóreflt eftir hlaup sem varð í Jökulsá á Sólheimasandi 18. júlí 1999. Talið var að hlaupið og aukning á jarðhita sem orðið hafði undir Mýrdalsjökli fyrir hlaupið gæti verið undanfari goss i Kótlu eða annars staðar á þessu svæði. Ýmiss konar jarð- og jarðeðlisfræðilegar mælingar voru eflar á svæðinu og komið var upp samráðshópi vísindamanna frá mörgum stofnunum og heimamanna til að fylgjast með og spá í framvinduna. Vefsíða var sett upp til að efla upplýsingastreymíð milli aðila, en miðstöð hennar og samráðshópsins er á Veðurstofunni.

Það er ekki vafí á því að sá viðbúnaður og eftirlit sem eft var vegna óróans á Mýrdalsjökulssvæðinu var grunnur að þeim merka árangri sem náiðist þegar starfsmönnum Veðurstofunnar og Raunvisindastofnunar Háskólangs tókst að vara við eldgosi í Heklu með stuttum fyrirvara þann 26. febrúar 2000. Undanfari eldgossins voru örsmáir jarðskjálftar (stærð 0-1 á Richterkvaða) sem hófust í fjallinu rúmlega klukkustund fyrir gos. Í framhaldi af því var Almannavörnum ríkisins tilkynnt um að likur væri á að eldgos væri að hefjast í Heklu. Á grundvelli mælinga á breytingu á bergþrystingi í borholu nálægt Búrfelli var síðan gefin út afdráttarlaus spá um að gos mundi hejast eftir 20 minútum. Spáin var tilkynnt Almannavörnum um 25 minútum áður en gosið hófst.

Frá því jarðskjálftarnir riðu yfir Suðurland þann 17. og 21. júní 2000 hafa þeir verið meginviðfangsefni Jarðeðlissviðs. Er þá bæði átt við eftirlit í kjólfar jarðskjálftanna, sem og söfnun gagna til að geta lert sem mest af þeim til framtíðar. Nánar er fjallað um Suðurlandsskjálftana í sérstakri grein í skýrslunni.

Uppbygging hins háþróaða jarðskjálftaeftriltskerfis Veðurstofunnar hefur staðið allan sl. áratug. Árangur þess sem og uppbygging annarra hliðstæðra mælinga er grundvöllur viðtækra rannsókna sem miða að því að bæta eftirlit með jarðskjálfta- og jarðeldasvæðum. Stöðugt er unnið að því að gera þetta eftirlit öruggara og nýta niðurstöður rannsókna til að efla varnir gegn haettum sem steðjað geta af slikeum hamförum.

### Bráðaviðvörunarkerfi

Nú er hafin á Jarðeðlissviði uppbygging bráðaviðvörunarkerfis til að nýta sem best og hraðast niðurstöður mælinga og rannsókna til að draga úr haettum. Með hjálp þessa kerfis er stefnt að því að koma upplýsingum um náttúruhamfarir eins hratt og kostur er til almennings og stjórvalda. Hér er bæði átt við viðvaranir áður en hamfarir hefjast, ef þeim er spáð, en ekki síður upplýsingar eftir að hamfarirnar eru byrjaðar, þ.e. um eðli þeirra og hættur sem af þeim geta staðað. Kerfið á líka að flýta fyrir því að upplýsingar berist hratt frá almenningu um hamfarir og eðli þeirra, sem og milli vísindamanna sem þátt taka í nauðsynlegu eftirliti.



Varað var við eldgosi í Heklu með stuttum fyrirvara seint í febrúar 2000. Myndin er tekin til suðvesturs á fjarða degi gossins (ljósm.: Sigurjón H. Sindrason).

Í bráðaviðvörunarkerfinu verður byggður upp gagnagrunnur um fyrri atburði og vísindalegar niðurstöður sem geta komið að gagni þegar hamfarir verða. Nýjasta upplýsingatækni er notuð til að efla samskipti og koma viðvörunum til skila þegar slika atburði ber að höndum.



Jarðeðlisfræðingarnir Gunnar B. Guðmundsson og Bergþóra S. Þorbjarnardóttir (ljósm.: Hallgrímur Marinósson).

Uppbygging kerfisins hófst árið 1999 með undirbúningsstyrk frá Rannsóknarráði Íslands, sem heldur áfram að stýðja verkefnið. Auk þess hefur fengist loforð um stuðning frá ríkisstjórninni af fjarveitingu til sérstaks átaks vegna verkefna á sviði upplýsingatækni. Reiknað er með að verkfnið standi yfir fjögur næstu ár og muni smáman saman skila árangri til bætts eftirlits á því tímabili.

## Upplýsingatæknideild

**U**pplysingatæknideild hefur umsjón með tölverfi Veðurstofunnar, þar með talið miðlægum tölvm, netbúnaði, fjarskiptatækjum og vinnustöðvum. Deildin sér um forritun varðandi fjarskipti, spákerfi, gagnasöfnun og gagnamiðlun og hefur umsjón með miðlægum gagnagrunni. Einn starfsmáður léti af störfum á tímabilinu og nýr kom í staðinn. Alls voru starfsmenn fimm í árslok 2000.

### 2000-vandinn

Árið 1999 einkenndist af undirbúnungi vegna hins svokallaða 2000-vanda. Var ástæða til að fara vandlega yfir öll tölvukerfi stofnunarinnar, aðkeyptan hugbúnað og heimasmíðaðan, og kanna hvort hann þyldi að ártal í dagsetningum færí i töluna 2000. Var þetta mikil vinna og kostnaðarsöm, enda þurfti að uppfæra stýrkerfi, endurnýja búnað og endurskrifa hluta af heimasmíðuðum forritum. Fylgdi þessu enn fremur þörf tiltekt og endurskipulagning á hluta af rauntímakerfi til vinnslu á veðurathugunum og veðurspám. Mikill viðbúnaður var hjá Alþjóðaveðurfræðistofnunni (WMO) og fleiri fjölbjóðastofnunum og fylgdust þær með því hvernig undirbúnungurinn hjá aðildarþjóðunum gengi. Sérstaklega var óttast að veðurathuganir frá minna þróuðum löndum myndu ekki skila sér þar sem ekki væru efni til að endurnýja búnað eftir þörfum. En undirbúnungurinn og aðhaldið frá hinum alþjóðlegu stofnunum gaf góða raun því að þegar að áramótunum kom gekk allt nánast snurðulaust fyrir sig.

### Fjarskipti

Árið 1999 var hafinn undirbúnungur að nýju fjarskiptakerfi fyrir evrópskar veðurstofur. Fram að því höfðu veðurstofur í raun þurft sérstaka gagnaflutningsleið fyrir hvert verkefni sem þurfti að sinna. Pannig var t.d. Veðurstofan með eina leigulinu til bresku veðurstofunnar í Bracknell vegna alþjóðlega veðurathuganakerfisins og aðra leigulinu til Veðurspámiðstöðvar Evrópu í Reading vegna móttöku á töluspám. Að frumkvæði spámiðstöðvarinnar var nú gerður samningur við alþjóðlegt símafyrirtæki um að sjá um fjarskipti milli allra aðildarþjóðanna. Fyrir en varði teygði kerfið sig til flestra Evrópulanda, nokkurra syrrum Sovéltýðvelda og nokkurra Arabaríkja. Kerfið byggist á því að hver aðildarstofnun sé með eina fasta gagnaflutningslinu og aðra til vara til tiltekinnar miðstöðvar. Miðstöðin virkar sem eins konar margra akgreina hringtorg sem öll umferð fer um og út úr því liggur svo gagnabraud til sérhverrar stofnunar fyrir sig, eins breið og hver og einn hefur þörf fyrir. Kerfið byggir á venjulegum Internetstöðlum og hefur sýnt sig vera bæði traust og hraðvirk. Veðurstofan tók þátt í verkefninu frá upphafi og var það tekið í notkun vorið 2000.


### Ólööglegur hugbúnaður

Talsverðar umræður urðu um ólöglegan hugbúnað á árinu 1999. Lágu fyrirtæki og stofnanir undir því ámæli að víða væri pottur brotinn í þessum esnum og var því af hálfu Ríkisendurskoðunar gert talsvert átak í að hvetja stofnanir ríkisins til úrbóta. Því var á haustmánuðum 1999 farið að

skrá allan hugbúnað sem var í notkun á stofnuninni, eyða ólöglegum hugbúnaði og kaupa þau leyfi sem á vantaði.

### Veraldarvefurinn

Vefsíður Veðurstofunnar eru mikið notaðar og fjölgar heimsóknum örth eins og meðfylgjandi mynd sýnir. Þetta hefur í för með sér sífellt meiri umferð um Internetlinuna og var því bandbreiddin aukin úr 128 Kb í 2 Mb í nóvember 2000. Árið 1999 kom nýr þáttur til sögunnar varðandi Internetið er Veðurstofan fór að afhenda gögn til birtingar á vefsíðum annarra fyrirtækja. Er nánar greint frá þessu verkefni á næstu síðu.



Fjöldi heimsóknar á veraldarvefnum eftir mánuðum.

### Gagnagrunnur o.fl.

Gagnagrunnur Veðurstofunnar verður sífellt umsvifameiri. Má sem dæmi nefna að í lok ársins 2000 var færslufjöldi orðinn um 270 milljónir. Farið var að huga að endurnýjun vél- og hugbúnaðar fyrir gagnagrunninn. Ýmis önnur mál voru í deiglunni á árunum 1999-2000. Má þar nefna m.a. bætt öryggi gagnvart Internetinu, endurnýjun töl vulagna og endurbættan vefþjón.

### Veður, hafís og haf

Frá árinu 2000 hefur deildin tekið þátt í rannsóknarverkefni í upplýsingatækni á vegum Evrópusambandsins. Nefnist það IWICOS (Integrated Weather, Sea Ice and Ocean Service System). Markmið þess er bæta þjónustu við sjófarendur með því að þroa kerfi sem fullnægir þörfum þessara aðila til að fá á einum stað upplýsingar um veður, hafís og haf. Verkefnið mun taka 3 ár og koma að því stofnanir í Danmörku, Noregi og Finnlandi.

### Ný símstöð

Á haustmánuðum 2000 var tekið notkun nýtt símkerfi á Veðurstofunni. Gamla kerfið var komið vel til ára sinna og voru á því ýmsir hnókrar. Um leið var skipt um síma og endurnýjaður hluti af lagnakerfinu. Samhlíða þessu fékk Veðurstofan nýtt símanúmer, 522-6000 og komið var á beinlinusambandi við Neyðarlínuna.

**F**yrr aðeins órfáum árum voru útvarp, sjónvarp og dagblöð helstu miðlar fyrir veðurspár. Einnig var hægt að veita ákveðna einstaklingsbundna þjónustu með símsvara Veðurstofunnar. Með tilkomu Internetsins breyttust mjög möguleikar fólk til að ná sér í veðurupplýsingar og er vefur Veðurstofunnar ([www.vedur.is](http://www.vedur.is)) mjög vinsæll eins og kemur fram á síðunni á undan. En nýr miðlar koma sifellt til sögunnar. Verður hér greint frá helstu nýjungum í þjónustu Veðurstofunnar.

### Veður í GSM-síma

Á árinu 1999 hóf Veðurstofan, í samvinnu við Tal hf., að undirbúa sendingu á veðurupplýsingum í formi smáskilaboða í GSM-síma. Um var að ræða veðurspá og veðurathuganir fyrir höfuðborgarsvæðið ásamt veðurathugunum fyrir nokkur skíðasvæði. Aðalvandin við verkið var að sníða upplýsingarnar að þeim takmörkunum sem smáskilaboðakerfið setur um hámarksfjölda stafa. Var kerfið tekið í notkun í byrjun árs 2000. Fljóttlega fylgdi Landssíminn í kjölfarið og var þar boðið upp á þann möguleika að geyma valmyndir um spásvæði og tegundir veðurupplýsinga í farsímanum.

Dæmi um slíka valmynd má sjá hér á síðunni. Auðveldaði það mjög notkun kerfisins. Siðla árs 2000 hófust svo samningar við Íslandssíma um sams konar þjónustu.



Á árinu 2000 hefur einnig verið í undirbúningi að setja veðrið fram fyrir þá tegund GSM-síma sem bjóða upp á WAP og stefnt er að því að kerfið verði opnað almenningi snemma árs 2001. Byggð verður á svipuðu valmyndakerfi og fyrir smáskilaboð, en hægt verður að bjóða upp á mun ítarlegri upplýsingar þar sem ekki er um sömu stærðartakmarkanir að ræða eins og í smáskilaboðakerfinu.

### Veður í lófatölvur

Notkun lófatolva hefur aukist mjög og eru þær ekki bara notaðar sem minnisbækur, heldur má tengja þær tölvpósti og Interneti, til dæmis í gegnum farsíma. Slikar vélar eiga það sameiginlegt að vera með litla skjái og farsímatenging er þar að auki mjög hægvirk. Því henta ekki litrikar og skrautlegar vefsíður slikeum vélum, heldur þarf að setja upplýsingarnar fram með tilliti til þessara annmarka. Frá því á vormánuðum 2000 hefur Veðurstofan boðið upp á sérhannaðar síður fyrir lófatolvunotendur og eru þær mikið notaðar ([www.vedur.is/lofi](http://www.vedur.is/lofi)).



### Flugveður

Í ársþurjun 2000 opnaði Veðurstofan sérstakan vef fyrir flugmenn. Var þær hægt að fá flugvallarathuganir, flugvallar-spár og spá um flugveðurskilyrði yfir Íslandi. Lengi hafði

verið talsverð eftirsprung eftir slíkum upplýsingum og var vefnum því vel tekið. Þessi vefur er lokaður almenningi og þarf hver einstaklingur að skrá sig og fá sérstakt aðgangsorð. Enn um sinn er notkun vefsins endurgjaldslaus, en stefnt er að gjaldtöku fyrir slíka þjónustu jafnframt því sem meiri upplýsingar verða í boði. Notendur eru nú örðin tæplega eitthundrað talsins.

### Þjónusta við vefsíðufyrirtæki

Mjög hefur færst í vöxt að vefsíðufyrirtæki bjóði upp á veðurupplýsingar til handa viðskiptavinum sínum. Ýmsir velja að setja þær fram sem tilvisanir í síður Veðurstofunnar, en æ fleiri vilja setja veðrið í eigin búning og þá gjarnan ýmiss konar myndrað form. Veðurstofan hefur gert samning við allmorg fyrirtæki og er þeim þá gert kleift að nálgast grunnupplýsingar um veður á einföldu textaformi. Í boði eru veðurathuganir fyrir allmargar íslenskar og erlendar veðurstöðvar, ýmsar hefðbundnar veðurspár (texti) og spár fyrir einstaka staði á landinu. Þær síðastöldu, sem setja má fram myndrað, eru gerðar með sjálfvirkum hætti úr töluspám, án nokkurra afskipta veðurfræðings, og geta því stundum verið í ósamræmi við hina formlegu spá Veðurstofunnar.

#### Veður núna

Landið allt

Höfuðborgarsvæðið

Faxaflói

Breiðafjörður

Vestfirðir

Strandir og Norðurland vestra

Norðurland eystra

Austurland að Glettingi

Austfirðir

Suðausturland

Suðurland

Miðhálendið

#### Spá 24 klst.

Landið allt

Höfuðborgarsvæðið

Faxaflói

Breiðafjörður

Vestfirðir

Strandir og Norðurland vestra

Norðurland eystra

Austurland að Glettingi

Austfirðir

Suðausturland

Suðurland

Miðhálendið

#### Spá 2-6 dagar

Landið allt

Valmynd fyrir veðurupplýsingar í GSM-síma.

**E**nginn vafí er á að stærsta framfaraspor i evrópskri veðurþjónustu á síðari hluta 20. aldar var stigði árið 1975 þegar átján ríki í Vestur-Evrópu ákváðu að stofna til sameiginlegs rekstrar á miðstöð til að gera með-aldrægar (3-10 daga) tölvureiknaðar veðurspár. Veðurspámiðstöð Evrópu, sem heitir á ensku European Centre for Medium-Range Weather Forecasts (ECMWF), var valinn staður í Reading í Bretlandi. Þann 1. nóvember 1975 tók stofnskrá stofnunarinnar gildi en fullur rekstur hófst árið 1979 þegar farið var að reikna veðurspár til allt að tíu daga fimm sinnum í viku.

### Reiknilíkön og ofurtölvur

Svokallaðar tölvuspár eru í reynd niðurstaða likanútreikninga á þróun ýmissa þátta í andrúmsloftinu, s.s. þrýstings, hita, raka, vinds og marga afleiddra þátta í ákveðnum punktum í mismunandi hæðum. Í þessum spálíkönum er reynt með stærðfræðilegum einföldunum að líkja eftir eðlisfræðilegum eiginleikum andrúmsloftsins og hegðan þess, svo og áhrifum yfirborðs jarðar á loftið. Eftir nokkurra ára þróun fyrsta ECMWF-reiknilikansins, sem þá tók fram flestum eða öllum líkönum sem gerð höfðu verið á þessu svíði, var fyrstu spánni dreift til aðildarrikjanna 1. júlí 1979. Markaði þetta tímamót í allri veðurspágerð í álfunni þar sem nú fengust marktækar spár um veður til allt að fimm daga. Til þessara útreikninga var notuð fyrsta ofurtövla sinnar tegundar í Evrópu, CRAY-1-A. Alla tið síðan hafa reiknilíkön og tölvukostur spámiðstöðvarinnar skilað bestu niðurstöðum sem völ er á í heiminum þegar um er að ræða veðurspár til nokkurra daga. Byggist það fyrst og fremst að til starfa í miðstöðinni hafa frá upphafi valist sérfræðingar í frenstu röð á svíði veðurfræði, likangerðar og tölvurekstrar, auk þess sem tölvukostur miðstöðvarinnar hefur ávaltt verið í frenstu röð í heiminum.

### Miklar framfarir

Eins og áður sagði voru fyrstu spár Veðurspámiðstöðvar Evrópu marktækar allt að fimm daga fram í tímum. Nú eru sjö daga spár við þau mörk og segja má að spárnar hafi almennit batnað um two daga á þessu timabili. Þannig er fimm daga spáin nú álíka áreiðanleg og þriggja daga spáin var fyrir um 20 árum og nærrí lætur að þriggja daga spáin í dag sé af svipuðum gæðum og sólarhringsspá var þá. Likanþróunin og aukning í reiknigetu tölvanna er nánast ævintýrleg, því á 25 ára afmælisári stofnunarinnar er aðalreiknillkaníð með 40 km upplausn í stað 200 km, hæðarfletir eru 60 í stað 15 og í stað einnar spár á dag eru nú reiknaðar liðlega 50 sjálfstæðar spár þar sem reynt er að fá fram mat á breytileika andrúmsloftsins og áreiðanleika spána (Ensemble Prediction System). Tölvukerfið, sem er af gerðinni Fujitsu VPP, samanstendur af þremur ofurtölvum með samtals 264 örðjörvum. Er reiknigeta þess um 6000 sinnum meiri en var í fyrsta tölvukerfi miðstöðvarinnar.

### Ölduspár og árstíðarspár

Auk fyrnefndra 10 daga tölvuspáa eru reiknaðar sérstakar veðurspár til þriggja sólarhringa, fjórum sinnum á sólarhring, þriggja vikna veðurspá er reiknuð einu sinni á dag, svo og ólduspár til 10 daga fyrir öll hafsvæði heimsins. Þá er verið að gera tilraunir með svokallaðar árstíðarpár til allt að sex mánaða. Framleiðslan og gagnamagnið sem aðildar-

rikjunum stendur til boða er því griðarlegt og eru veðurstofur allra aðildarríkjanna tengdar stofnuninni með sérstakri fjarskiptalinu. Auk veðurspáreikninganna hefur stofnunin unnið að endurgreiningu á daglegu astandi andrúmsloftsins allt frá 1957, en þau gögn eru mikilvæg til margs konar rannsókna í veðurfræði, m.a. til útreikninga á veðurfarsbreyingum. Loks má geta þess að á stofnuninni fer fram viðamkil úrvinnsla á gögnum frá veðurgervitunglum og þróðar hafa verið aðlerðir til úrvinnslu og meiri nýtingar á slíkum gögnum til spáutreikninga en í nokkurri annarri spámiðstöð heimsins.



Veðurspámiðstöð Evrópu í Reading.

### Pátttaka Íslands

Fyrir mistök í utanríkisþjónustunni varð Ísland ekki aðili að stofnsamningi Veðurspámiðstöðvar Evrópu, en árið 1980 varð Ísland fyrsta landið til að gera samstarfssamning við stofnunina. Samkvæmt honum hefur Veðurstofa Íslands fullt aðgengi að allri framleiðslu spámiðstöðvarinnar eins og um aðildarriki væri að ræða. Hins vegar á Veðurstofan aðeins áheyrnarfulltrúa án atkvæðisréttar um stjórn og ákvæðanir stofnunarinnar en veðurstofustjórar aðildarríkjanna mynda stjórn hennar. Vegna mikils fjarskiptakostnaðar var beinni fjarskiptalinu milli Veðurstofu Íslands og miðstöðvarinnar ekki komið upp fyrir en 1994 og því gat Veðurstofan aðeins nýtt sér lítinn hluta af framleiðslugögnum stofnunarinnar fyrstu 15 árin. Nú eru spágogn miðstöðvarinnar grunnur að öllum 2-6 daga veðurspám á Veðurstofunni, hvort sem um er að ræða almennar veðurspár eða sérþjónustu við ýmsa hópa, fyrirtæki og einstaklinga. Enn vantar þó mikil að að Veðurstofan hafi nægjanlegt fjármagn og mannafla til að nýta til fulls framleiðslu spámiðstöðvarinnar. Allar tölvureiknaðar veðurspár þarf að þroa og laga að staðháttum hvers lands, svo og að aðstæðum og óskum hvers notanda. Þess vegna eru framleiðslugögnum frá Veðurspámiðstöð Evrópu ennþá verulega vannýtt audlind hér á landi en vonir standa til að úr geti ræst að næstu misserum.


### Markmið næsta áratuginn

Í tíu ára áætlun stofnunarinnar sem samþykkt var í júní 1999 er stefnt að því að auka gæði spána um einn dag á timabilinu, þ.e. að fimm daga spá árið 2008 verði jafngóð og fjórgurra daga spá var 1998. Þá verður sérstök áhersla lögð að að bæta spár um ofviðri eða önnur hættuleg veður-fyrirbæri þannig að hægt verði að sjá þau fyrir með fjórgurra til fimm daga fyrirvara. Þá er stefnt að því að á árinu 2003

## Áreiðanleiki veðurspáreikninga


Á myndunum má sjá dæmi um nýja aðferð á framsetningu tölvureiknaðra veðurspáa frá spámiðstöðinni, svokallaðar líkindsþárra. Á grundvelli 50 mismunandi likanreikninga þar sem tekið er tillit til óvissu i ástandi andrúmsloftsins í upphafi, sýna myndirnar fimm daga spá um likur á sólarhringsúrkoma og frávik frá meðalhita. Dregnar eru 5%, 35%, 65% og 95% jafnlikindalinur.

### Sólarhringsúrkoma meiri en 1 mm




Á Austurlandi eru 65-95% likur (dökkgreynt) á að sólarhringsúrkoma verði meiri en 1 mm.

### Sólarhringsúrkoma meiri en 10 mm




Fyrir Suður- og Norðurlandi eru 5-35% likur (gult) á að sólarhringsúrkoma verði meiri en 10 mm.

### Hitafrávik meira en -4°



Á nokkrum hluta Miðjarðarhafsins eru 65-95% likur (dokkblátt) á að hiti verði meira en 4° undir meðallagi.

### Hitafrávik meira en 4°



Á stóru svæði í Rússlandi eru 65-95% likur (rauðbrunt) á að hiti verði meira en 4° yfir meðallagi.

liggi fyrir úttekt á gæðum árstíðarspáa með því að bera saman niðurstöður likanreikninga og raunveður árstíða síðustu 40 árin. Að lokum má nefna að mikil áhersla er lögð á að viðhalda háu þekkingarstigi í veðurfræði, svo og að miðla henni til veðurstofa aðildarrikjanna með óslugri fræðslu og námskeiðshaldi á vegum stofnunarinnar.

### Lokaorð

Margir telja starfrækslu Veðurspámiðstöðvar Evrópu eitt af bestu dænum um framúrskarandi árangur í evrópsku samstarfi. Framlag stofnunarinnar til bættra veðurspáa hefur

komið allri alfunni til góða með því að draga úr tjóni og slysþórum af völdum veðurs og tengdum náttúruhamfórum. Með því má segja að stofnunin hafði lagt sinn skerf til þróunar efnahagslifs þjóðanna og raunar alls hins evrópska samfélags. Síðast en ekki sist hefur stofnunin veitt mikinn stuðning við rannsóknir á veðurfari og umhverfi og þannig styrkt viðleitni allra aðildarrikjanna til sjálfbærar þróunar á mörgum sviðum. Það er því full ástæða til að óska stofnuninni, hinum 150 starfsmönnum hennar og raunar okkur öllum íbúum Vestur-Evrópu til hamingju með glæstan árangur á síðustu 25 árum.

Upptök Suðurlandsskjálftanna 17. og 21. júní voru á nær lödréttum sniðgengissprungum með norðlægri stefnu, sá fyrri í Holtum, sá seinni við Hestfjall. Legu sprungnanna og stefnur má sjá á myndinni hér að neðan. Sprunguflöturinn (sniðgengisflöturinn) í fyrri skjálftanum nær frá yfirborði niður á um 10 km dýpi, en niður á um 9 km dýpi í þeim seinni. Lengd sprunguflatanna í fyrri skjálftanum er um 12 km, en um 15 km í þeim seinni. Áætladó hefur verið að meðal sniðgengishreyfingin, lárétt, hafi verið u.p.b. 1,5 m í fyrri skjálftanum, en u.p.b. 1,2 m í þeim seinni. Þetta eru frumniðurstöður sem byggjast á jarðskjálftamælingum hér á landi og annars staðar í heiminum. Svokölluð stærð skjálfta eða stærð á Richterkvarða getur verið mjög breytileg fyrir sama skjálfta eftir því hvað liggar til grundvallar útreikningunum. Svokölluð Ms stærð er sæmilega traustur mælikvarði fyrir svona stóra skjálfta. Hún byggist á löngum yfirborðsbylgjum, sem fyrir stóra skjálfta mælast um allan heim. Mat á stærð stóru, sögulegu skjálftanna á Íslandi hefur einnig verið jöfnud við Ms stærð. Hún reyndist vera 6,6 stig fyrir báða skjálftana síðastliðið sumar. Ms stærð skjálfta árið 1784 með upptök á Skeiðum er metin vera 7,1 stig.

Strax eftir skjálftann 17. júní barst hrina smáskjálft vestur eftir Suðurlandsundirlendinu og Reykjanesskagnum eins og sjá má á myndinni. Fimm mínútum eftir stóra skjálftann varð skjálfti af stærðinni 4,5 stig skammt vestur af Kleifarvatni. Grjóthrun, sem varð úr fjöllum á þeim slóð-


um, var til komið vegna þessa skjálfta og væntanlega annarra enn minni sem áttu upptök sín þar í grennd. Það er athyglisvert að GPS-mælistöð í Vogsósum í Selvogi mældi færslu 2 cm til austurs og 1 cm til suðurs, miðað við mælipunkt i Reykjavík sama dag og skjálftahrinan reið yfir, sem endurspeglar hraðar spennubreytingar á mjög stóru svæði í tengslum við skjálftann.

Jarðskjálftahrina byrjaði líka strax í kjölfarið, 40–50 km norður af upptökunum, nálægt Geysi í Haukadal.

Mikil vinna fór af stað á Jarðeðlissviði strax í kjölfar fyrri stórkjálftans. Veigamikil ástæða þeirrar vinnu var að bjarga nyttsamlegum mæliniðurstöðum úr öllu því kraðaki hreyfingar, sem sylgir í kjölfar slíkra skjálfta, til að nýta fyrir síðari tíma rannsóknir. Mikilvægast var þó að vinna niðurstöður hratt úr þessum mælingum, enda gætu þær dugað til að segja fyrir um jarðskjálfta sem kynni hugsanlega að skella á í framhaldi af fyrsta skjálftanum.

Starfsmenn Jarðeðlissviðs bentu á að ef annar stór skjálfti yrði í kjölfar skjálftans 17. júní, væri liklegast að það yrði vestar á skjálftabelti Suðurlands. Í kjölfar slíkra viðvarana var almenningur hvattur til að festa hluti í íbúðum sínum til að minnka likur á slysum og skemmdum.

Skömmu fyrir miðnætti þann 19. júní höfðu starfsmenn Jarðeðlissviðs samband við Almannavarnir ríkisins og Almannavarnir Árborgar og nágrennis og bentu á að menn ættu að búa sig undir að jarðskjálfti af svipaðri stærð og



Á kortinu eru brotalinur stóru skjálftanna 17. og 21. júní sýndar með bláum línum. Rauðir deplar sýna upptök vel staðsettra eftir skjálfta sem fylgdu í kjölfarið fyrstu vikuna á eftir.


skjálfinn þann 17. júní gæti brostið á við Hestfjall hvenær sem væri innan skamms. Kortið hér að neðan var sent Almannavörnum rikisins. Talið var liklegast að aðalumbrotasvæði skjálfans yrði stóra svæðið með norðlægu stefnunni á kortinu og sú varð raunin. Brotaplan skjálfans, sem spáð var, hefur verið fært inn á myndina. Gengur það eins og sjá má í gegnum mitt umbrotasvæðið samkvæmt spánni. Ekki var spáð hvenær skjálfinn mundi bresta á og starfsmenn Jarðeðlissviðs sögðust ekki geta sagt til um það með neinni nákvæmni, en Almannavörnum var ráðlagt að búa sig undir að hann gæti riðið yfir hvenær sem væri. Skjálfinn varð síðan skömmu fyrir kl. eitt að nóttu þann 21. júní.

Það er talið merkilegt að það skuli hafa verið kleist að segja fyrir um skjálfann með þessum hætti. Liklega er þó alltaf auðveldara að segja til um annan stórskjálfta í svona hrinu heldur en bann fyrsta.

Gifurlega miklu af gögnum hefur verið safnað um þessu skjálfta. Jarðskjálftamælikerfi stofnunarinnar skráði um 15 þúsund smáskjálfta fyrstu vikuna eftir skjálftann 17. júní. Stór hluti skjálftanna getur veitt gagnlegar upplýsingar um eðli hamfaranna, og er mikil vinna í gangi við að tulkia þær upplýsingar sem bessir smáskjálftar báru með sér.

Veðurstofan og aðrar stofnanir eru að vinna úr mælingum á þeim landbreytingum og spennubreytingum sem urðu við skjálfstana og enn fremur að kortlagningu á yfirborðssprungum.

Eitt af markmiðum vinnunnar er að rannsaka forboða skjálfstanna í fyrirliggjandi gögnum til að freista þess að þróa aðferðir til að segja fyrir um slíkan skjálfta í framtíðinni. Það urðu breytingar á undan fyrri skjálfstanum sem telja má forboða, þótt útilokað hafi verið að nýta þær til spásagnar í þetta sinn. Með rannsóknum er hugsanlegt að við getum aukið skilning okkar á slíkum forboðum, svo að þeir geti nýst við jarðskjálfaspá.



Kort sem sent var Almannavörnum ríkisins að kvöldi 19. júní, rúmum sólarhring fyrir seinni stórsjálftann. Kortið sýnir spá um líkleg umbrotasvæði í skjálfta sem væri sennilega að bresta á. Þau eru afmörkuð með grænum réttþyrningum. Sá eystri var talinn sýna líklegri upptök. Rauðu deplarnir eru litlir skjálfar sem mældust eftir fyrri stórsjálftann og fram að þeim tíma þegar spáin var gefin út. Rauðu N-S linunni var bætt inn á kortið eftir á og sýnir hún brotalínuna þar sem skjálfinn 21. júní reyndist síðan eiga upptök sin.



Gömul útihús hrundu á Brúnastöðum í Hraungerðishreppi í skjálftanum 21. júni. Við rústirnar stendur bóndinn á bænum, Ketill Ágústsson (ljósmt.: Morgunblaðið/RAX).


Eitt það mikilvægasta sem gera þarf í kjölfar skjálfstanna er að kortleggja fjölmargar sprungur sem komu fram við þá. Stóru skjálfstarnir hnikuðu til fjölmögum sprungum niðri í jarðskorpunni. Við þetta hnik urðu smáskjálftar. Með aðferðum sem hafa m.a. verið í þróun á Veðurstofunni, eru hægt að kortleggja þessar sprungur djúpt niðri í skorpunni. Þetta getur haft mikla þýðingu við að segja til um hvar liklegast sé að miklar brotahreyfingar verði í framtíðinni. En þetta er lika gagnlegt til að finna vatnsleidandi æðar, en jarðhitavatn fylgir gjarnan jarðskjálftasprungum.

Oft er um það spurt hvort Suðurlandsskjálftarnir séu búnaðir í bili og hvort við þurfum nokkuð að hafa áhyggjur af þeim næstu 100 árin. Því miður er ekki hægt að jánska þessu, þótt mikil spenna hafi leyst úr læðingi í nágrenni upptakanna síðastliðið sumar. Samkvæmt því sem við þekkjum úr skjálftasögunni og samkvæmt skilningi okkar á eðli brotahreyfinganna á Suðurlandi virðist það líklegast að mikill hluti upphlaðinnar orku á Suðurlandsskjálftabeltinu hafi enn ekki leyst úr læðingi. Ekki er unnt að segja fyrir um hvenær það gæti orðið og hugsanlegt er að það gerist smám saman á löngum tíma. Vænta má að það verði innan hálfra aldar.

Mikil áhersla er lögð á það á Jarðeðlissviði að efla eftirlit og rannsóknir á svæðinu með það að markmiði að geta veitt gagnlegar upplýsingar og gefið viðvaranir vegna hugsanlegs framhalds skjálfstanna sl. sumar. Ennfremur til að nýta þekkinguna, sem aflað er úr Suðurlandsskjálfstunum nú, til að leggja grunn að jarðskjálfaspám í framtíðinni.


	Millj. kr.
Launagjöld <i>Payroll expenses</i>	405,0
Rekstrarvörur <i>Operating supplies</i>	30,2
Ferðir, fundir, akstur <i>Travels and meetings</i>	28,1
Sérfræðipjónusta <i>Professional services</i>	43,9
Önnur þjónusta <i>Other services</i>	33,4
Fjarskipti <i>Telecom. services</i>	24,5
Húsaleiga <i>Rentals</i>	9,8
Ýmis kostnaður <i>Miscellaneous</i>	3,0
Eignakaup <i>Property purchases</i>	30,9
<b>Alls / Total</b>	<b>608,8</b>

Rekstrargjöld / Expenditures




	Millj. kr.
Fjárlög <i>Government budget</i>	354,7
Alþjóðaflugmálastofnunin <i>ICAO</i>	110,1
Ofanflóðasjóður <i>The Icelandic Avalanche Fund</i>	74,6
Styrkir, framlög o.fl. <i>Grants, contributions, etc.</i>	35,7
Erlend framlög <i>Foreign contributions</i>	16,1
Seld þjónusta <i>Marketed services</i>	22,3
<b>Alls / Total</b>	<b>613,5</b>

Tekjur / Revenues




	Millj. kr.
Launagjöld <i>Payroll expenses</i>	407,3
Rekstrarvörur <i>Operating supplies</i>	40,9
Ferðir, fundir, akstur <i>Travels and meetings</i>	26,9
Sérfræðipjónusta <i>Professional services</i>	44,5
Önnur þjónusta <i>Other services</i>	41,8
Fjarskipti <i>Telecom. services</i>	31,6
Húsaleiga <i>Rentals</i>	10,4
Ýmis kostnaður <i>Miscellaneous</i>	8,4
Eignakaup <i>Property purchases</i>	49,8
<b>Alls / Total</b>	<b>661,6</b>

Rekstrargjöld / Expenditures



	Millj. kr.
Fjárlög <i>Government budget</i>	366,7
Alþjóðaflugmálastofnunin <i>ICAO</i>	112,2
Ofanflóðasjóður <i>The Icelandic Avalanche Fund</i>	58,9
Styrkir, framlög o.fl. <i>Grants, contributions, etc.</i>	32,6
Erlend framlög <i>Foreign contributions</i>	25,3
Seld þjónusta <i>Marketed services</i>	27,1
<b>Alls / Total</b>	<b>622,8</b>

Tekjur / Revenues



# STARFSMENN 1999 og 2000

Magnús Jónsson, veðurstofustjóri

## SKRIFSTOFA

Sigríður H. Ólafsdóttir, forstöðumaður

Bergljot Friðriksdóttir, gjaldkeri  
Björn Karlsson, húsvörður

Edda Völva Eiríksdóttir, starfsmannastjóri

Hanna María Baldvinsdóttir, bokari  
(fra 13.11.00)

Helga Karlsdóttir, fulltrúi  
(til 30.04.00)

Katrin Guðmannsdóttir, fulltrúi  
veðurstofustjóra

Ólafia Bjargmundsdóttir, símavörður

Silja Sjófn Eiríksdóttir, aðalbókari

Vélaug Steinsdóttir, símavörður

## Mötuneyti

Sigrún Ólafsdóttir, matreiðslumeistari  
Sigrún Erla Sigurðardóttir, aðstoðarmaður í eldhusi

## Ræsting

Arséll Benediktsson, ræstingarmaður  
(fra 15.09.99)

Ásdis Árnadóttir, ræstingarmaður  
(til 23.09.99)

Elin Gunnarsdóttir, ræstingarmaður  
(01.05.99–30.04.00 og frá  
24.07.00)

Ingibjörg Erla Jósefsdóttir,  
ræstingarmaður

Jónína S. Jóhannsdóttir,  
ræstingarmaður,  
Keflavíkurflugvelli

Lilja Run Ágústsdóttir,  
ræstingarmaður (fra 01.06.00)

Stefania Emma Ragnarsdóttir,  
ræstingarmaður (fra 01.05.00)

Steinunn Pórjónsdóttir,  
ræstingarmaður

Una Eyrún Ragnarsdóttir,  
ræstingarmaður (til 30.04.99)

## UPPLÝSINGATÆKNIEILD

Halla Björn Baldursdóttir, tólvunar-  
fræðingur, deildarstjóri

Baldur Ragnarsson, kerfisfræðingur

Kristin Þórssdóttir, tólvunarfræðingur  
(fra 01.07.00)

Sigrún Gunnarsdóttir, jarðfræðingur

Sigurður J. Kristinsson,

kerfisfræðingur  
Pórir Sigurðsson, veðurfræðingur  
(til 30.06.00)

## ÞJONUSTUSVIÐ

Guðmundur Hafsteinsson, veður-  
fræðingur, forstöðumaður

Einar Sveinbjörnsson, veðurfræðingur,  
aðstoðarforstöðumaður  
(i leyfi fra 24.06.99)

Anna Sigríður Árnadóttir, stjarnedíl-  
fræðinemi (04.05.00–25.08.00)

Anna Ólof Bjarnadóttir,  
eftirlitsmaður

Árni Sigurðsson, veðurfræðingur  
Baldur Pall Magnússon,

eftirlitsmaður  
(02.06.00–08.08.00)

Björn Sævar Einarsson,  
veðurfræðingur  
Bragi Jónsson, veðurfræðingur  
(til 07.07.99)

Elin Björk Jónasdóttir, eftirlitsmaður  
(15.06.99–25.08.99  
og 16.06.00–15.08.00)

Eyjólfur Þorbjörnsson,  
veðurfræðingur (i tímaginnum  
um stundarsakir)

Fridjon Magnússon, eftirlitsmaður  
Grétar Jón Einarsson, eftirlitsmaður  
Guðrún Halla Guðmundsdóttir,

eftirlitsmaður

Guðrún Nina Petersen,  
veðurfræðingur  
(17.03.99–14.01.00)

Gunnur Salbjörn Friðriksdóttir,  
eftirlitsmaður

Halldóra Ingbergssdóttir,  
eftirlitsmaður

Haraldur Eiríksson, veðurfræðingur  
Helga Ívarsdóttir, jarðdeðlisfræðingur  
(14.06.99–13.08.99)

Hjalti Sigurjónsson, jarðdeðlisfræðingur  
(15.10.99–30.04.00  
og 16.06.00–31.08.00)

Hrafn Karlsson, eftirlitsmaður  
Hórdur Pórðarson, veðurfræðingur  
Jenny Ólga Petursdóttir, eftirlitsmaður  
John Gray, veðurfræðingur  
(01.02.99–23.06.99,  
24.01.00–23.04.00  
og 17.09.00–24.11.00)

Jófríður Guðjónsdóttir, eftirlitsmaður  
Katrín Karlssdóttir, eftirlitsmaður  
(til 30.06.00)

Kristin Hermannsdóttir, veðurfræði-  
nemi (20.06.99–31.07.99)

Ólafur Rognvaldsson,  
jarðdeðlisfræðingur (til 31.01.99)

Philippe Crochet, jarðdeðlisfræðingur  
(fra 01.08.00)

Sigríður Ólafsdóttir, vaktstjóri  
Sigrun Karlssdóttir, veðurfræðingur  
(fra 20.07.00)

Stella Óskarsdóttir, eftirlitsmaður  
Theóðor Hervarsson, veðurfræðingur  
(25.07.00–20.08.00)

Unnur Ólafsdóttir, veðurfræðingur,  
yfirverkefnistjóri  
Þorsteinn V. Jónsson, veðurfræðingur

## TÆKNI- OG ATHUGANASVID

Hreinn Hjartarson, veðurfræðingur,  
forstöðumaður

Pórður Arason, jarðdeðlisfræðingur,  
aðstoðarforstöðumaður  
(fra 01.03.99)

Ásdis Auðunsdóttir, veðurfræðingur  
Elvar Ástráðsson, vélfræðingur

Flosi Hrafn Sigurðsson,  
veðurfræðingur (i tímaginnum)

Hallgrímur Marinósson,  
tækjafræðingur

Henry Berg Johansen,  
rafeindataknirfræðingur

Hjalti Geir Guðmundsson,  
rafeindavirkri (fra 07.02.00)

Hjörleifur Jónsson, eftirlitsmaður  
Jóhanna M. Thorlacius,

jarðfræðingur  
Jón Gunnar Egilsson,

byggtingatæknirfræðingur  
Torfi Karl Antonsson, landsfræðingur

Pórir Ólafsson, tækjasmíður

## Halftastöðin að Keflavíkurflugvelli

Baldur Jósef Jósefsson, haloftamaður  
(lest 30.12.99)

Bjarni Hjartarson, haloftamaður  
(fra 12.04.99)

Björgvín Ómar Hafsteinsson,  
haloftamaður

Bogi Þór Jónsson, haloftamaður  
Ísleifur Bergsteinsson, haloftamaður

Jens E. Kristinsson, haloftamaður  
Jóhann Kristinn Lárusson,  
haloftamaður

Magnús Guðmundsson,

haloftamaður

Sigmar Valgeir Vilhelmsson,

haloftamaður

Sigurður Johannsson, haloftamaður  
(fra 13.01.00)

Sigurður H. Gestsson, vaktstjóri  
(til 30.04.00)

Stefán Ólafsson, haloftamaður  
(til 30.06.99)

Sverrir Bragi Sveinsson, haloftamaður  
(fra 29.11.99)

## Veðurathugunarstöðin að Hveravöllum

Hafsteinn Eiríksson, veður-  
athugarmaður (fra 17.07.00)

Kristín Björnsdóttir, veður-  
athugarmaður (fra 17.07.00)

Maria Svavarsson, veður-  
athugarmaður (til 31.07.00)

Vilhjálmur Kjartansson, veður-  
athugarmaður (til 31.07.00)

## Snjóeftirlit

Emil Tómasson, snjóeftirlitsmaður,  
Seyðisfjörði (fra 01.02.99)

Guðmundur Helgi Sigfusson,  
snjóeftirlitsmaður, Neskaupstað

Hallgrímur Jónsson, snjóeftirlitsmaður,  
Seyðisfjörði (til 31.01.99)

Johann Hannibalsson, snjóeftirlits-  
maður, Bolungarvík

Oddur Pétursson, snjóeftirlitsmaður,  
Isafjörði

Tómas Zoëga, snjóeftirlitsmaður,  
Neskaupstað

Órlygur Kristinnsson,  
snjóeftirlitsmaður, Siglufjörði

## Annað starfslið

I árslok 2000 voru veðurathugunar-  
menn að 130 mónnuðum veðurstöðum  
og 11 aðstoðarsnjóeftirlitsmenn.

Athuganir á sjó voru gerðar á 17  
skipum þeirri árið 1999 og 2000.

## URVINNSLU- OG

## RANNSÓKNASVID

Trausti Jónsson, veðurfræðingur,  
forstöðumaður

Pórðan Pálssdóttir, veðurfræðingur,  
aðstoðarforstöðumaður

Eiríkur Sigurðsson, veðurfræðingur

Esther Hlíðar Jensen, jarðfræðingur  
(fra 16.03.00)

Gísli Kristjánsson, kerfisfræðingur  
(01.02.99–17.10.99)

Guðrún Þórunn Gísladóttir,  
landfræðingur

Halldor Björnsson, veðurfræðingur  
(fra 01.09.00)

Haraldur Olafsson, veðurfræðingur  
(til 30.06.99)

Harpa Grimsdóttir, landfræðingur,  
settur yfirverkefnistjóri  
(01.10.99–31.08.00)

Hrafn Guðmundsson, eðlisfræðingur  
(01.02.00–30.11.00)

Katrín Sigurðardóttir, fulltrúi

Kristin Martha Hákonardóttir,

verkfraðingur (fra 26.10.00)

Kristján Ágústsson, jarðdeðlisfræðingur

Leah Tracy, verkfraðingur

Magnús Már Magnússon,

jóklafræðingur

Sigurður Hrafn Kiernan, bygginga-  
verkfraðingur (til 30.04.99)

Sigurður Þorsteinsson, veðurfræðingur

Sigurður Ármannsdóttir, fulltrúi

Svanbjörg Helga Haraldsdóttir,  
jarðdeðlisfræðingur

Tómas Jóhannesson,

jarðdeðlisfræðingur

Úrsula E. Sonnenfeld, fulltrúi

Þorsteinn Arnalds, verkfraðingur,  
yfirverkefnistjóri

(i leyfi 01.10.99–31.08.00)

Þorsteinn Sæmundsson,  
jarðfræðingur (til 31.01.00)

Þór Jakobsson, veðurfræðingur,  
yfirverkefnistjóri

## Bókasafn

Guðrun Þálsdóttir, bókasafnsfræðingur  
(fra 14.07.00)

Þóra Stefánsdóttir, bókasafnsfræðingur  
(til 30.06.00)

## JARDEÐLISSVID

Ragnar Stefánsson,

jarðskjálftafræðingur,

forstöðumaður

Páll Halldórsson, eðlisfræðingur,

aðstoðarforstöðumaður

Barði Porkelsson, jarðfræðingur

Bergr Þ. Bergsson, rafmagnstækni-  
fræðingur (til 31.12.00)

Bergþóra S. Þorbjarnardóttir,  
jarðdeðlisfræðingur

Gunnar B. Guðmundsson,  
jarðdeðlisfræðingur

Halldór Geirsson, jarðdeðlisfræðingur  
(fra 19.05.99)

Helgi Gunnarsson, rafmagnsverk-  
fræðingur (15.03.99–05.07.99)

Hjörleifur Sveinbjörnsson,  
jarðfræðingur (fra 01.06.00)

Jósef Hölmjárn, rafeindavirkri

Kristin Jónsdóttir, jarðdeðlisfræðingur  
(25.05.99–29.02.00)

Kristin S. Vogfjörð,

jarðskjálftafræðingur

(01.04.99–30.04.99

og fra 17.06.00)

Margrét Ásgeirsdóttir, eftirlitsmaður  
(til 25.08.00)

Pálmi Erlendsson, jarðfræðingur  
(til 31.07.00)

Sigurður Th. Rögnvaldsson,  
jarðskjálftafræðingur

(lest 25.10.99)

Sigurður Ármannsdóttir, fulltrúi

Steinunn S. Jakobsdóttir,  
jarðdeðlisfræðingur

Sturla V. Ragnarsson,  
rafmagnstæknifræðingur

(til 31.07.99)

Vigfús Eyjólfsson, jarðfræðingur  
(fra 21.02.00)

Pórunn Skáftadóttir, jarðfræðingur

Póra Árnadóttir, jarðdeðlisfræðingur  
(til 30.09.00)

## Annað starfslið

I árslok 2000 voru umsjónaraðilar  
með jarðdeðlisfræðilegum mali-

stöðum alls 39.

## Samstarfsverkefni Veðurstofunnar og Háskóla Íslands: Dósentssáda i veðurfræði

Haraldur Ólafsson, veðurfræðingur,  
(fra 01.07.99)

## FUNDIR 1999

Vinnufundurin The second EU-Japan workshop on seismic risk var haldinn í Reykjavík dagana 23.-27. júní. Viðfangs-efni fundarins var að fjalla um þau ferli í jarðskorunni sem leitt geta til stórra jarðskjálfta og samvinnu Evrópusambandsins og Japans á því svíði. Véðurstofan sá um skipulagningu og framkvæmdarins í samvinnu við European Commission í Brussel, sem einnig kostast hann. Framkvæmda-nefnd skipuðu Þorði Porkelsson, Ragnar Stefánsson og Páll Einarsson. Flutt voru 28 erindi og voru þáttakendur alls 43, frá Evrópusambandslendum og Japan aust 14 heimamanna.

## FUNDIR 2000

International Ice Charting Working Group hét fundi í Reykjavík dagana 3.-5. október. Á fundinum var fjallað um notkun gjarnanum í hafþjónustu, bæði í greinargerðum um stöðu mála í einstökum ríkjum og í frædilegum erindum. Skipulagning og framkvæmdarins var í honum Véðurstofu Islands í samvinnu við aðila í Bandaríkjunum og Kanada. Komu Þór Jakobsson, Sigrún Ærmannsdóttir og Ingibjörg Jónsdóttir meist að því starfi. Fundurinn var söttur af um 60 aðlum frá þeim ríkjum á norðurhveli sem sinna hafþjónustu.

## SAGA VEDURSTOFU ISLANDS

I nóvember 1999 kom út bókin Saga Véðurstofu Íslands. Þessi bók, sem er 417 síður að starð, er sagfræðilegt rannsóknarverk. Í henni er lýst athugunum að veðri allt frá 17. öld og sögu veðurspágerðar í alþjöldlegu samhengi. Greint er frá aðdragandanum að stofnum Véðurstofu Íslands og varþa löss frá frumþýslar stofnunarinnar. Síðan er saga hennar rakin áfram allt til samtímans. Sérstök aherla er lögð á samskipu stofnunarinnar við fólkid í landinu. Fjallað er um veðr-athuganir og veðurspár, flugveðurþjónustu, úrvinnslu veðurgagna og veðurfarstansóknir auk vökntunar og rannsóknar að jarðskjálfum, halis og snjóflöðum. Ítarleg tilvísunaskrá og heimildaskrá fylgir verkinu. Auk megin-texta eru um 350 myndir í bókinu og fylgia morgum þeirra ítarlegir myndatextar. Þá er að finna allmárgar innskotsgreinar um ymsa atburði og um tvö tugí æviágripa. Þá eru birt lagafrumvörp, lög og reglugerðir sem varða Véðurstofuna, skrá um starfsmenni stofnunarinnar, veðurstöðvar og veðurathugunarmenn, og jarðfræðilegar mælistöðvar og umsjónarmenn. Aftast er nafnaskrá, staðarnafna- og atriðsorðaskrá, og skrá um myndir. Höfundur bókarinnar er Hilmar Garðarsson sagnfræðingur, en Véðurstofan reð hann til starfa við ritun hennar á útmanuðum 1994. Í ritneind sátu Þorði Porkelsson, Eirkur Sigurðsson og Trausti Jónsson. Útgefandi bokarinnar er Mál og mynd ehf.

## TIMARITID VEDRATTAN

Arið 1999 voru gefin út mánaðaryfirlit fyrir timabilið júní 1997 til júní 1998. Ennfremur arsyfirlit fyrir arið 1996.

Arið 2000 voru gefin út mánaðaryfirlit fyrir timabilið júlí til september 1998. Ennfremur arsyfirlit fyrir arið 1997.

## HAFÍS VID STENDUR ÍSLANDS

Arið 2000 var gefið út hefti sem nær til timabilsins október 1989 til september 1990.

## RIT VEDURSTOFU ISLANDS

Í þessari ritroð voru gefin út tvö rit arið 1999 og þru arið 2000. Starfsmenn Véðurstofu Íslands voru meðal höfunda allra ritanna. Eru þau talin meðal rita starfsmanna.

GREINARGERDIR  
VEDURSTOFU ÍSLANDS

I þessari ritroð voru voru gefnar út 26 greinargerðir arið 1999 og 25 arið 2000. Starfsmenn Véðurstofu Íslands voru meðal höfunda allra greinargerðanna nema einnar. Eru þær taldar meðal rita starfsmanna.

Eftirlitin greinargerð er eftir höfund utan stofnunar:

Jón Elvar Wallevik. Haftslíkanið MCRIM 2.5 fyrir íslenska hafsvæðið. *Véðurstofa Íslands – Greinargerð VI-G99017-UR09*, 126 bls.

## RIT STARFSMANNA 1999

Asðís Auðunsdóttir. *On the formation of deep water during cold air outbreaks*. Cand. scient. thesis, University of Copenhagen, 79 bls.

Asðís Auðunsdóttir. Véðurmælingar á Tröllatunguhœði. *Áfangaskýrsla II. Véðurstofa Íslands – Greinargerð VI-G99020-TA05*, 51 bls.

Crampin, S., T. Volti & Ragnar Stefánsson. A successfully stress-forecast earthquake. *Geophys. J. Int.* 138, F1-F5.

Flosi Hrafn Sigurðsson, Guðrún Þórunn Gisladóttir & Þóra Þóra Pálssdóttir. Véður í Þjórsárvínu og nálgæmt mælingum í þúfuveri og nálgæm veðurstöðvum. *Véðurstofa Íslands – Greinargerð VI-G99002-UR01*, 63 bls.

Flosi Hrafn Sigurðsson, Hreinn Hjartarson & Þorfi Karl Antonsson. Vindmælingar að Kollaleiði 1983-1998. *Véðurstofa Íslands – Greinargerð VI-G99009-TA02*, 41 bls.

Flosi Hrafn Sigurðsson, Hreinn Hjartarson, Þorfi Karl Antonsson & Þórdur Arason. Wind observations at Eyri and Leirur in Reyðarfjörður. *Véðurstofa Íslands – Greinargerð VI-G99015-TA03*, 32 bls.

Flosi Hrafn Sigurðsson, Hreinn Hjartarson, Þorfi Karl Antonsson & Þórdur Arason. Wind and stability observations at Somastaðagerði in Reyðarfjörður, May 1998 - April 1999. *Véðurstofa Íslands – Greinargerð VI-G99018-TA04*, 55 bls.

Halldór G. Pétursson & Þorsteinn Sæmundsson. Skriðulfóll á Ísafjörði og í Hnífsdal. *Náttúrufræðistofnun Íslands NI-99010*, 22 bls.

Halldór G. Pétursson & Þorsteinn Sæmundsson. Skriðulfóll á Síglufjörði. *Náttúrufræðistofnun Íslands NI-99011*, 23 bls.

Halldór G. Pétursson & Þorsteinn Sæmundsson. Skriðulfóll í Neskaupstað. *Náttúrufræðistofnun Íslands NI-99012*, 19 bls.

Haraldur Olafsson. *Véðurfar a Kerlingarskarði og Vatnheiði*. Rannsóknastola í veðurfræði, 18 bls.

Harpa Grimsdóttir. Bygggingarár húsa á Ísafjörði. *Véðurstofa Íslands – Greinargerð VI-G99014-UR08*, 36 bls.

Hjalti Sigurjónsson, Fanney Gisladóttir & Ólafur Arnalds. Measurement of eolian processes on sandy surfaces in Iceland. *Fjörlit RALA 201*, 27 bls.

Hreinn Hjartarson. Véðurmælingar á Tröllatunguhœði. *Áfangaskýrsla I. Véðurstofa Íslands – Greinargerð VI-G99001-TA01*, 54 bls.

Jón Egill Kristjánsson, Sigurður Þorsteinsson & Guðmundur Freyr Úlfarsson. Potential vorticity-based interpretation of the evolution of „The Greenhouse Low”, 2-3 February 1991. *Tellus 51A*, 233-248.

Kristín S. Vogfjörð. Smáskjálftar í Króflu í lok borunar holu KJ-31 í október 1997. *Skyrsla Orkustofnunar OS-99012*. Orkustofnun, 41 bls.

Kristján Ágústsson, A.T. Linde, Ragnar Stefánsson & I.S. Sacks. Strain changes for the 1987 Vatnajökull earthquake in South Iceland and possible magmatic triggering. *J. Geophys. Res.* 104, 1151-1161.

Kristján Jónasson, Sven Þ. Sigurðsson & Þorsteinn Arnalds. Estimation of avalanche risk. *Rit Véðurstofu Íslands VI-R99001-UR01*, 44 bls.

Magnús Jónsson. Veður og heilbrigði. *Morgunblaðið* 87(68), 23. mars, 51.

Magnús Jónsson. Vindstyrkur – vindhræði. *Morgunblaðið* 87(120), 1. júní, 52.

Magnús Þór Magnússon. Prévision à court terme des avalanches et gestion des risques: perspective islandaise. Ensk útgáfur. Short term avalanche forecasting and risk management: an Icelandic perspective. Í F. Gillet & F. Zanolini (ritstjóri), *Risques naturels en montagne*. Actes de Colloque, Grenoble, France, 12.-14. avnál, 1999, 44-46, 291-292.

Magnús Þór Magnússon. Snjóflöðavaktin. Uppgjör vetrarinn 1998-1999. *Véðurstofa Íslands – Greinargerð VI-G99022-UR12*, 23 bls.

Ragnar Stefánsson, F. Bergerat, M. Bonafede, Reynir Þóðarvarsson, S. Crampin, Pall Einarsson, K.L. Feigl, Agust Guðmundsson, F. Roth & Freysteinn Sigmundsson. Earthquake-prediction research in a natural laboratory – PRENLAB. Í: M. Yeroyanni (ritstjóri), *Seismic risk in the European Union (Volume II)*. Proceedings of the review meeting, Brussels, Belgium, November 27-28, 1997, 1-39.

Ragnar Stefánsson, F. Bergerat, M. Bonafede, Reynir Þóðarvarsson, S. Crampin, K.L. Feigl, F. Roth, Freysteinn Sigmundsson & R. Slunga. PRENLAB-TWO – first annual report. April 1, 1998 - March 31, 1999. *Véðurstofa Íslands – Greinargerð VI-G99016-JA05*, 122 bls.

Ragnar Stefánsson, Þóra Árnadóttir, Axel Björnsson, C. Browitt, H. Bungum, Reynir Þóðarvarsson, B. Dost, S. Gregerson, W.R. Jacoby, A. Jung, G. Marquart, F. Rivière, Freysteinn Sigmundsson & T. Villemain. Preparing the infrastructure for studying the dynamics of the Iceland Hotspot – HOTSPOT. *Véðurstofa Íslands – Greinargerð VI-G99010-JA03*, 82 bls.

Reynir Þóðarvarsson, Sigurður Th. Rognvaldsson, R. Slunga & Einar Kjartansson. The SIL data acquisition system – at present and beyond year 2000. *Phys. Earth Planet. Inter.* 113, 89-101.

Sigurður Hrafn Kiernan. Rannsóknir á snjóflónumargrindum í Auðþjargarstaðabrekku. *Véðurstofa Íslands – Greinargerð VI-G99008-UR05*, 27 bls.

Sigurður Hrafn Kiernan, Jón Gunnar Egilsson & Tómas Johannesson. Snjódyptarmálgar a stíkum, við leiðigardó og a snjódyptarsínum í fjallshlíðum vetrarinn 1998/1999. *Véðurstofa Íslands – Greinargerð VI-G99021-UR11*, 30 bls.

Sigurður Th. Rognvaldsson. Framstæða SIL-kerfisins fra ágúst 1998 til mars 1999. *Véðurstofa Íslands – Greinargerð VI-G99004-JA01*, 14 bls.

Sigurður Th. Rognvaldsson. LaTeX styrskrar lyfir rit, greinargerðir og smárit Véðurstofu Íslands. *Véðurstofa Íslands – Greinargerð VI-G99007-JA02*, 11 bls.

Sigurður Th. Rognvaldsson. Kortlagning virkta misgengja með smáskjálftamælingum – yfirlit. Tekið saman af Þóru Árnadóttur og Kristinu S. Vogfjörð. Í: Ari Ólafsson (ritstjóri), *Eðlisfræðifelags Íslands IX. Raðstefna Eðlisfræðifelags Íslands, Reykjavík, 17.-18. september 1999. Eðlisfræðifelag Íslands*, 19-29.

Sigurður Th. Rognvaldsson, Kristin S. Vogfjörð & R. Slunga. Kortlagning brotalaflata á Hengilssvæði með smáskjálftum. *Rit Véðurstofu Íslands VI-R99002-JA01*, 18 bls.

Sigurður Þorsteinsson, Jón Egill Kristjánsson, B. Rosting, Viðar Erlingsson & Guðmundur Freyr Úlfarsson. A diagnostic study of the Flateyri avalanche cyclone, 24-26 October 1995, using potential vorticity inversion. *Monthly Weather Review* 127, 1072-1088.

Svanbjörg Helga Haraldsdóttir. Snjóflóð vetrarinn 1995-1996. *Véðurstofa Íslands – Greinargerð VI-G99011-UR06*, 19 bls.

Tómas Johannesson. Varpanir milli staðarkerfa og ISN93 í 12 bæjarfelögum a Vestfjörðum, Nordurlandi og Austfjörðum. *Véðurstofa Íslands – Greinargerð VI-G99005-UR03*, 7 bls.

Tómas Johannesson & S. Margreth. Adaptation of the Swiss Guidelines for supporting structures for Icelandic conditions. *Véðurstofa Íslands – Greinargerð VI-G99013-UR07*, 12 bls.

Tómas Johannesson, Óddur Pétursson, Jón Gunnar Egilsson & Gunnar Guðni Tómasson. Snjóflóðið á Flateyri 21. febrúar 1999 og áhrif varnargardaðar af byggðarinnar. *Náttúrufræðingurinn* 69(1), 3-10.

Unnur Olafsdóttir & Þórarinn Eldjárn. *Véðurdagar*. Reykjavík, Vaka-Helgafell, 240 bls.

Porsteinn Sæmundsson & Halldór G. Pétursson. Mat aurskríðu- og grjóðrúnshætti við Seyðisfjörður kaupstað. *Véðurstofa Íslands – Greinargerð VI-G99003-UR02*, 65 bls.

Porsteinn Sæmundsson & Halldór G. Pétursson. Skriðuhætta á Ísafjörði og í Hnífsdal. *Véðurstofa Íslands – Greinargerð VI-G99024-UR14*, 33 bls.

Porsteinn Sæmundsson & Halldór G. Pétursson. Skriðuhætta við Síglufjörð. *Véðurstofa Íslands – Greinargerð VI-G99025-UR15*, 18 bls.

Porsteinn Sæmundsson & Halldór G. Pétursson. Skriðuhætta i Neskaupstað. *Véðurstofa Íslands – Greinargerð VI-G99026-UR16*, 17 bls.

Porsteinn Sæmundsson, Tómas Johannesson & Jón Gunnar Egilsson. Saga oflanflöða á Búldudal 1902 til 1999. *Véðurstofa Íslands – Greinargerð VI-G99006-UR04*, 20 bls.

## RIT STARFSMANNA 2000

Árn Jón Eliasson, Egill Þorsteins & Haraldur Ólafsson. Study of wet snow events on the south coast of Iceland. Í: WAIS 2000 - Proceedings of the Ninth International Workshop on Atmospheric Icing on Structures, Chester, United Kingdom, June 5-8, 2000.

Asðís Auðunsdóttir. Véðurmælingar á Tröllatunguhœði. Lokaskýrsla. *Véðurstofa Íslands – Greinargerð VI-G0009-TA04*, 6 bls.

Einar Steinbjörnsson. Það var alveg óskaplegi védur. *Lesbók Morgunblaðsins* 75(36), 16. september, 4-5.

Esther Hlíðar Jensen. Úttekt a jarðfræðilegum hættum eftir jarðskjálftana 17. og 21. júní 2000. *Véðurstofa Íslands – Greinargerð VI-G00019-UR03*, 10 bls.

Flosi Hrafn Sigurðsson, Hreinn Hjartarson & Torfi Karl Antonsson. Windmælingar á Hlíðarfjalli við Akureyri. *Véðurstofa Islands – Greinargerð VI-G00003-TA02*, 24 bls.

Flosi Hrafn Sigurðsson, Hreinn Hjartarson, Torfi Karl Antonsson & Pórður Arason. Additional wind and stability observations at Sómastráðagerði in Reyðarfjörður. *Véðurstofa Islands – Greinargerð VI-G00001-TA01*, 36 bls.

Flosi Hrafn Sigurðsson, Hreinn Hjartarson, Torfi Karl Antonsson & Pórður Arason. Additional wind and stability observations at Sómastráðagerði in Reyðarfjörður II. November 1999 - April 2000. *Véðurstofa Islands – Greinargerð VI-G00007-TA03*, 33 bls.

Flosi Hrafn Sigurðsson, Hreinn Hjartarson, Torfi Karl Antonsson & Pórður Arason. Additional wind and stability observations at Sómastráðagerði in Reyðarfjörður III. May-August 2000. *Véðurstofa Islands – Greinargerð VI-G00020-TA12*, 64 bls.

Gudrún Pálssdóttir. Innnan seilingar: Upplysingaleiðir visindamanna og oflun heimilda. *Bókasafnið* 24, 38-45.

Haraldur Ólafsson. Comment les montagnes ralentissent-elles le vent? *La Météorologie* 8(31), 19-24.

Haraldur Ólafsson. The impact of flow regimes on asymmetry of orographic drag at moderate and low Rossby numbers. *Tellus* 52(A), 365-379.

